

Aðdragandi og orsakir
falls íslensku bankanna 2008
og tengdir atburðir

Rannsóknarnefnd Alþingis

9

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008
um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna
og tengdra atburða

Ritstjórn:

Páll Hreinsson
Sigríður Benediktsdóttir
Tryggvi Gunnarsson

Útgáfustjóri:

Anna Sigríður Guðfinnsdóttir

Kápur:

Hrund Guðmundsdóttir

Ljósmyndir:

Rebekka Guðleifsdóttir

Prentun og bókband:

Oddi hf.

Umbrot:

Essinþrjú

Reykjavík 2010

ISBN: 978-9979-888-33-8

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun
- 0 Minna en helmingur einingar
- Núll, þ.e. ekkert
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til
- . Tala á ekki við

Efnisyfirlit

Bindi 1

- 1.0 Verkefni og skipan nefndarinnar
- 2.0 Ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar
- 3.0 Sérstaða og mikilvægi banka- og fjármálafyrirtækja í samfélagi
- 4.0 Efnahagslegt umhverfi og innlend peningamálastjórnun
- 5.0 Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja
- 6.0 Einkavæðing og eignarhald bankanna

Bindi 2

- 7.0 Fjármögnun bankanna
- 8.0 Útlán íslensku bankanna

Bindi 3

- 9.0 Eigið fé íslenska fjármálakerfisins
- 10.0 Launa- og hvatakerfi bankanna
- 11.0 Innri og ytri endurskoðun

Bindi 4

- 12.0 Verðbréfamarkaðir
- 13.0 Gjaldeyrismarkaður
- 14.0 Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Bindi 5

- 15.0 Löggiöf um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES
- 16.0 Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði
- 17.0 Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánnum almennt

Bindi 6

- 18.0 Innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis
- 19.0 Aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda á árunum 2007–2008 vegna hættu á fjármálaáfalli

Bindi 7

- 20.0 Atburðarásin frá því að beiðni Glitnis banka hf. um fyrirreiðslu kom fram þar til bankarnir féllu
- 21.0 Orsakir falls íslensku bankanna – ábyrgð, mistök og vanræksla
- 22.0 Tilkynningar á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008
- 23.0 Athugasemdabréf samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008

Bindi 8

- Viðauki 1 Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008
 - Viðauki I Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti: *Um fjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006–2008*
 - Viðauki II Hulda Þórisdóttir: *Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagsshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði*

Bindi 9

- Viðauki 2 Margrét V. Bjarnadóttir, Guðmundur Axel Hansen: *Rannsókn á krosseignatengslum og útlánnum bankanna til tengdra aðila*
 - Samantekt 9
 - Gögn og gagnavinnsla 10
 - Gögn frá Ríkisskattstjóra – hlutafjármiðar 10
 - Heimild til gagnaöflunar 10
 - Heimtur 11
 - Gæði skráninga 11
 - Eignahringir 12
 - Gögn frá Ríkisskattstjóra – rekstrarframtal 12
 - Gögn frá Ríkisskattstjóra – fyrirtækjaskrá 12

Önnur gögn	13
Gagnavinnsla	13
Notkun frumgagna til að setja saman gögn um eignatengsl	13
Verðmæti eignarhlutar í fyrirtækjum	15
Lög og reglugerðir sem snerta tengda aðila og stórar áhættuskuldbindingar	15
Reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar	16
Tengdir aðilar	16
Lög um verðbréfavíðskipti	16
Lög um fjármálafyrirtæki	16
Samantekt, skilgreiningar og túlkun rannsakenda	17
Aðferðafræði útreikninga	18
Skilgreiningar	18
Útreikningar á tengdum aðilum	18
Útreikningar á fjárhagslega tengdum aðilum	20
Dæmi um tengda aðila vegna fjárhagslegra tengsla	20
Tengsl vegna stjórnunaráhrifa og vinavensl	21
Niðurstöður I – Krosseignatengsl	22
Yfirlit yfir eignatengsl á Íslandi	22
„Skúffufyrirtæki“	27
Stærstu hóparnir í fyrirtækjanetinu	29
Samantekt	33
Niðurstöður II – Skilgreiningar bankanna og rannsakenda á tengdum aðilum	34
Samanburður á stærð hópa	36
Samson eignarhaldsfélag ehf	36
Fyrirtæki tengd Ólafi Ólafssyni	39
Tengdir aðilar skilgreindir út frá Ólafi Ólafssyni	39
Baugur Group hf	44
Aðilar tengdir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni	44
Exista hf	50
Milestone ehf	50
Niðurstöður III – Útlán til tengdra aðila	50
Heildarútlán til tengdra aðila út frá fyrirtækjum	53
Baugur Group hf	53
Milestone ehf	54
Exista hf	54
Ker ehf. og Kjalar hf.	54
Samson eignarhaldsfélag ehf	55
Heildarútlán til hópa þegar einstaklingar eru aðalaðilar	55
Jón Ásgeir Jóhannesson og fjölskylda	55
Ólafur Ólafsson og viðskiptafélagar	56
Niðurstöður IV – Stærstu hópar með tilliti til útlána	57
Hópar út frá fyrirtækjum	57
Hópar út frá einstaklingum	58
Stærstu skuldararnir	61
Niðurstöður V – Arðgreiðslur á rannsóknartímabilinu	62
Heildararðgreiðslur	63
Stærstu einstöku arðgreiðendur	64
Stærstu einstöku arðþiggjendur	64
Arðgreiðslur til einstaklinga og erlendra aðila	65
Óefnislegar eignir	66
Óefnislegar eignir eftir geirum	66
Arðgreiðslur með tilliti til óefnislegra eigna	66
Arðgreiðslur með tilliti til neikvæðs eigin fjár og taps	68
Niðurstöður VI – Upplýsingakerfi um krosseignatengsl	69
Heimildaskrá	71
Lög og reglugerðir	71
Fræðigreinar	71
Annað útgefið efni	71
Annað óútgefið efni	71
Hugbúnaður sem notaður var til að teikna tengslamyndir	71
Fylgiskjal 1: ÍSAT - atvinnugreinaflokkun	72
Fylgiskjal 2: Skil hlutafjármiða	73
Fyrirtæki í eigin eigu	73

	Fyrirtæki með ekkert hlutafé	74
	Eignahringir	74
	Fylgiskjal 3: Yfirlit yfir skilgreiningar bankanna á tengdum aðilum ákveðinna hópa	75
	Fylgiskjal 4: Gervimaður útlönd	79
	Fylgiskjal 5: Félög með óútskýrt eignarhald samkvæmt hlutafjármiðum	85
	Fylgiskjal 6: Skuldugustu einstaklingar vegið út frá eignarhlut í fyrirtækjum	87
Viðauki 3	Mark J. Flannery: <i>Iceland's Failed Banks: A Post-Mortem</i>	
	I. Introduction	91
	Bad Luck	91
	Bad Management	91
	II. The Rise of the Icelandic Banks	92
	III. A Warning: Early 2006	97
	Lending to Related Entities	97
	Questions about Credit Quality	97
	Funding	98
	Limited Government and Central Bank Support	98
	IV. Responses to the 2006 Mini-Crisis	99
	Private Market Funding	99
	Loan Opacity and Credit Quality	102
	Liquidity and Solvency Backstops	103
	Summary	104
	V. Were the Banks Solvent?	104
	VI. Summary and Conclusions	106
	References	107
Viðauki 4	Skrá yfir þá sem kvaddir voru fyrir nefndina til skýrslutöku á grundvelli 8. gr. laga nr. 142/2008	109
Vefútgáfa		
Viðauki 5	Magnús Sveinn Helgason: <i>Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið</i>	
Viðauki 6	Gunnar Þór Pétursson: <i>Innleiðing gerða skv. EES samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt</i>	
Viðauki 7	Jørn Astrup Hansen: <i>Íslandske banker</i>	
Viðauki 8	Mark J. Flannery: <i>The importance of government supervision in producing financial services.</i>	
Viðauki 9	Tölur um tengda aðila samkvæmt kafla 8.0	
Viðauki 10	Chapter 18: Deposits in Financial Institutions in Branches Abroad	
Viðauki 11	Skriflegar athugasemdir samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008	
Viðauki 12	Ákvarðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna	

Rannsókn á krosseignatengslum og útlánnum bankanna til tengdra aðila

Lögð fram með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Höfundar:

Margrét V. Bjarnadóttir

Guðmundur Axel Hansen

Reykjavík 2010

Höfundar

Margrét V. Bjarnadóttir fæddist árið 1977. Hún lauk B.Sc. námi frá Háskóla Íslands 2001 og varði doktorsritgerð sína í aðgerðarannsóknnum, „Data-Driven Approach to Health Care; Applications Using Claims-Data“, við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum 2008. Síðan þá hefur hún gegnt stöðu lektors við Stanford Graduate School of Business í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Margrét hefur áður starfað hjá AGR ehf. og sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi í aðgerðarannsóknnum.

Guðmundur Axel Hansen fæddist árið 1977. Hann lauk B.Sc. námi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2000. Frá hausti 2008 leggur hann stund á M.Sc. nám í fjármálaverkfræði við sama háskóla. Guðmundur var vörustjóri hjá Navision Íslandi 2000 til 2002, vörumarkaðsstjóri hjá Microsoft EMEA í Kaupmannahöfn 2002 til 2004 og sölustjóri viðskiptalausna hjá Microsoft Íslandi 2004 til 2006. Hann var forstöðumaður sölu hjá Skýrr 2006 til 2008.

Samantekt

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á eðli krosseignatengsla á Íslandi og útlánaáhættu bankanna til tengdra aðila. Til að draga upp mynd af krosseignatengslum var notast við gögn frá Ríkisskattstjóra, nánar tiltekið hlutfjármiða sem eigendum fyrirtækja er skylt að skila árlega til Ríkisskattstjóra. Þó er nokkuð um að upplýsingar um eignarhald vanti, bæði vegna vanskila á hlutfjármiðum en ekki síður vegna þess að mörg þeirra fyrirtækja sem koma við sögu eru skráð erlendis. Því þurfti að fylla í gagnaeyður eftir því sem kostur var, til dæmis má oft finna eignarhald erlendra félaga í lánanefndargögnum banka. Upplýsingarnar um eignarhald eru því ekki fullkomnar en eru byggðar á bestu gögnum sem nefndin gat nálgast á meðan hún starfaði. *Allar tölur um eignarhald og heildarútlán eru birtar með fyrirvara um áreiðanleika gagnanna.*

Þegar í lögum og reglum er rætt um „tengda aðila“ er oft ekki aðeins verið að vísa til beinna og óbeinna eignatengsla heldur einnig til annars konar fjárhagslegra tengsla, skyldleika og mægða svo og stjórnunartengsla. Þau tengsl á milli aðila sem í þessari rannsókn voru metin eru eignatengsl, fjárhagsleg tengsl, stjórnunartengsl og tengsl vegna skyldleika og mægða. Þegar litið er til gildandi reglna hér á landi, sem ætlað er að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun eða áhættu í fjármálakerfinu, kemur í ljós að reglurnar eru að mörgu leyti matskenndar og því um margt flóknar í framkvæmd. Eins og nánar er rakið í skýrslunni kom í ljós að á milli banka hefur töluvert ósamræmi verið í framkvæmd varðandi það hvaða aðilar hafa verið taldir tengdir á grundvelli slíkra reglna þótt bankanir hafi verið að lána til sömu aðila.

Þróuð var aðferðafræði til þess að mynda hópa fyrirtækja í ljósi tengsla sem eru á milli þeirra. Með því að öðlast yfirsýn yfir tengsl milli fyrirtækja og mæla hversu nán þau eru, er þannig hægt að leggja grundvöll að ályktunum um þá áhættu sem skapaðist hér á landi þegar lán voru veitt til tengdra aðila, burtséð frá því hvort það fór í bága við reglur eða ekki. Slík mæling fer því fram á grundvelli sjálfstæðs mælikvarða, sem þarf ekki endilega að endurspeglast í þeim reglum sem giltu þótt slíkt geti fallið saman.

Reglur um útlán til tengdra aðila voru settar til að takmarka útlánaáhættu bankanna. Þegar útlán til tengdra aðila eru orðin mjög mikil, er hættu á að bankinn verði háður lántakandanum, þ.e.a.s. ef lánþeginn fer í þrot, hefur það mjög alvarleg áhrif á rekstrarstöðu bankans. Í niðurstöðum III eru tekin dæmi sem sýna að útlán einstakra banka til ákveðinna aðila voru orðin allveruleg og þessir viðskiptavinir því í raun orðnir of stórir fyrir bankana. Sömu dæmi sýna að útlán til tengdra aðila, miðað við skilgreiningu á tengdum aðilum hér, fara yfir 25% af eiginfjárhlutfalli bankanna, sem er hámarkið samkvæmt reglugerð Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.

Það er ljóst að með sífellt flóknara eignarhaldi er nauðsynlegt að þeir sem sjá um framkvæmd reglna sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra

og óhóflega samþjöppun hafi aðgang að greinagóðum upplýsingum um eignarhald. Rannsakendur lögðu á nokkrum mánuðum grunninn að upplýsingakerfi til að hafa yfirsýn yfir eignarhald, fjárhagsleg tengsl, stjórnunarleg tengsl og skyldleika. Upplýsingakerfi sem þetta má laga að mismunandi túlkun laga, þar sem þau lög og reglugerðir sem skilgreina tengda aðila hér á landi nú eru fremur matskennd.

Í þessari rannsókn myndast stærstu glufurnar í gögnum um eignarhald þegar eignarhald tapast erlendis, þ.e.a.s. eigendur eru skráðir annaðhvort sem erlend félög sem erfitt er að finna eignarhald á, eða sem Gervimaður útlönd¹ þar sem alls óvíst er um hvaða aðila er að ræða. Með nútímavæðingu viðskiptalífsins, þar sem fyrirtækjasamstæður eru alþjóðlegar er ljóst að eftirlitsaðilar vilja fylgjast með raunverulegu eignarhaldi þarf betri aðgang að upplýsingum um alþjóðlegt eignarhald. Því verður annaðhvort að koma á alþjóðlegu samstarfi um gagnaöflun eða krefjast frekari upplýsinga um raunverulega eigendur fyrirtækja sem eru skráð á Íslandi.

Í þessari greiningu er að lokum sérstaklega skoðaðar arðgreiðslur og óefnislegar eignir fyrirtækja. Heildararðgreiðslur frá mismunandi geirum atvinnulífsins eru skoðaðar sem og arðgreiðslur einstakra fyrirtækja, bæði út frá stærð og einnig sem hlutfall af eigin fé og eigin fé að frádregnum óefnislegum eignum. Mörg dæmi eru um að fyrirtæki hafi verið að greiða út arð þó lítið sem ekkert raunverulegt eigið fé hafi verið í fyrirtækjunum og fyrirtæki jafnvel rekin með tapi og neikvæðu eigin fé, eins og lesa má um í niðurstöðum V.

Gögn og gagnavinnsla

Rannsóknin á krosseignatengslum byggir að mestu á gagnasettum frá Ríkisskattstjóra og þá helst fyrirtækjaskrá og rekstrarframtölum fyrirtækja. Auk þess var stuðst við gögn frá Samkeppniseftirlitinu, lánanefndum bankanna og við önnur tilfallandi gögn. Þessum gagnasettum er nánar lýst hér síðar.

Gögn frá Ríkisskattstjóra – hlutfjármiðar

Opinbert utanumhald um eignarhald fyrirtækja er hjá Ríkisskattstjóra. Það er gert í formi hlutfjármiða sem fyrirtæki fylla út einu sinni á ári og tilgreina hlutfé sem hluthafar fyrirtækjanna eiga um nýliðin áramót sem og arðgreiðslur sem hluthafar hafa þegið á árinu. Sparisjóðir skila einnig hlutfjármiðum og tilgreina eigendur stofnfjár.

Heimild til gagnaöflunar

Heimild Ríkisskattstjóra til að afla hlutfjármiða er í 94. gr. laga nr. 90/2003² um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri útfærir svo nánar með auglýsingum í upphafi hvers árs hvaða upplýsinga óskað er eftir og á hvaða formi. Auglýsingarnar eru bæði birtar á vef Ríkisskattstjóra og í Stjórnartíðindum, en öll hlutfélög, einkahlutfélög, samvinnuhlutfélög og sparisjóðir eru skilaskyld. Hins vegar eru engin viðurlög við að skila ekki hlutfjármiðum fyrir einstaka ár

1. Gervimaður útlöndum er samheiti yfir lögaðila skráða erlendis sem ekki hafa íslenska kennitölu og eru eignir skráðar meðal annars á kennitöluna 0101306789 sem ber nafnið Gervimaður útlönd í Þjóðskrá.
2. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003090.html>.

eða yfir höfuð. Ef byggja á upplýsingakerfi um eignarhald er nauðsynlegt að Ríkisskattstjóri hafi viðurlaga- eða þvingunarákvæði til að tryggja að upplýsingunum sé skilað.

Heimtur

Við skoðun á hlutafjármiðum frá Ríkisskattstjóra kom í ljós að skil á hlutafjármiðum eru ekki fullnægjandi. Í sumum tilfellum skiluðu fyrirtæki inn hlutafjármiðum aðeins hluta af tímabilinu sem var til skoðunar (2003–2008), jafnvel aðeins eitt árið, og einnig eru dæmi um að fyrirtæki hafi aldrei skilað hlutafjármiðum á tímabilinu – jafnvel þótt þau hafi verið í rekstri samkvæmt fyrirtækjaskrá. Þegar skil á rekstrarframtölum voru borin saman við skil á hlutafjármiðum kom í ljós að fyrirtæki skiluðu stundum rekstrarframtölum án þess að skila hlutafjármiðum, eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Skil hlutafjármiða og rekstrarframtals almennra hlutafélaga og einkahlutafélaga árin 2003–2008

	Rekstrarform	Fjöldi fyrirtækja ¹	Fjöldi hlutafjármiða	Hlutfall hlutafjármiða	Fjöldi rekstrarframtala	Hlutfall rekstrarframtala
2003	Hlutafélag	901	332	37	828	92
2003	Einkahlutafélag	19.477	4.268	22	16.790	86
2004	Hlutafélag	876	572	65	818	93
2004	Einkahlutafélag	21.170	9.265	44	18.891	89
2005	Hlutafélag	862	623	72	799	93
2005	Einkahlutafélag	23.565	15.607	66	20.964	89
2006	Hlutafélag	862	679	79	801	93
2006	Einkahlutafélag	25.815	19.126	74	22.685	88
2007	Hlutafélag	866	626	72	786	91
2007	Einkahlutafélag	28.465	20.297	71	23.841	84
2008	Hlutafélag	861	456	53	270	31
2008	Einkahlutafélag	29.894	12.601	42	10.105	34

1. Fjöldi fyrirtækja er fjöldi þeirra fyrirtækja sem eru samkvæmt fyrirtækjaskrá í rekstri 31. desember hvert ár.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

Fjöldi hlutafélaga er nokkuð stöðugur á tímabilinu á meðan fjöldi einkahlutafélaga vex um rúm 50% úr 19.477 félögum árið 2003 í 29.894 árið 2008, sem að hluta til skýrist af breytingum sem gerðar voru á skattkerfinu í upphafi þessa tímabils.³ Skilin 2008 miðast við 14. ágúst 2009 og eru mun lakari en hin árin en búast má við að heimtur hafi batnað síðar á árinu.

Gæði skráninga

Við skoðun á gögnunum komu í ljós nokkrir hnökrar á upplýsingum um eignarhald. Í allnokkrum tilfellum voru fyrirtæki skráð eigin eigendur að fullu, þ.e. félagið sjálft átti allt hlutaféð. Árið 2007 átti 91 fyrirtæki allt hlutafé í sjálfu sér og 72 fyrirtæki árið 2008 en lista yfir þessi félög má finna í fylgiskjali 2. Þá eru ekki taldir einstaklingar í rekstri sem í eðli sínu eiga sjálfa sig. Það getur ekki staðist að félag eigi allt hlutafé í sjálfu sér, enda er það ekki í samræmi við lög.⁴

3. http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/FJR.IS/FB_260804_abj.pdf.

4. Samkvæmt hlutafjárhlögunum, númer 2/1995, má félag ekki eiga meira en 10% af eigin hlutum. Þó er veitt undanþága fyrir stærri hlut vegna sérstakra ástæðna og þá í takmarkaðan tíma eða að hámarki þrjú ár.

Einstaklingar verða alltaf, að lokum, að vera eigendur fyrirtækja sem lúta beinni eða óbeinni stjórn þeirra.

Í nokkrum tilfellum skiluðu fyrirtæki hlutafjármiðum þar sem enginn hluthafi var skráður fyrir nokkrum hlut. Það lítur því út fyrir að ekkert hlutafé sé í viðkomandi fyrirtækjum sem getur ekki staðist því t.a.m. er lágmarkshlutafé fyrir einkahlutafélög 500.000 krónur og fyrir hlutafélög fjórar milljónir króna. Nánari tölfræði um skil án hlutafjár má finna í fylgiskjali 2.

Eignahringir

Þegar rannsökuð eru eignatengsl er gert ráð fyrir að rekja megi allar eignir til einstaklinga (annars gæti fyrirtækjasamsteypa átt sig sjálf). Við skilgreinum eignahringi sem safn fyrirtækja, tvö eða fleiri, sem eiga hvort annað að fullu án þess að nokkur einstaklingur komi þar nærri. Dæmi um slíkan eignahring væri ef fyrirtæki A ætti 100% í fyrirtæki B sem ætti 100% í C sem aftur ætti 100% í A. Í gögnum Ríkisskattstjóra eru nokkur dæmi um slíka eignahringi, eins og sjá má í fylgiskjali 2, en þessir eignahringir eru meðhöndlaðir sérstaklega í útreikningum.

Gögn frá Ríkisskattstjóra – rekstrarframtal

Ríkisskattstjóri óskar eftir rekstrarframtölum með heimild í 90. gr. laga nr. 90/2003.⁵

Ríkisskattstjóri birtir auglýsingu í Stjórnartíðindum í upphafi hvers árs þar sem form, skilamáti og frestur framtala er tekinn fram.⁶ Hvati til að skila rekstrarframtali er umtalsverður því „telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann áætla“.⁷

Meðal upplýsinga á rekstrarframtali eru upplýsingar um eigið fé fyrirtækja og aðrar rekstrar- og efnahagsstærðir þess.

Gögn frá Ríkisskattstjóra – fyrirtækjaskrá

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum númer 17/2003.⁸

Í fyrirtækjaskrá eru geymdar upplýsingar um einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins, stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur sem og aðra starfsemi sem Ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá. Þar er haldið utan um kennitölu, heimilisfang, rekstrar- eða félagsform, stofndag, nafn, lögheimili og kennitölu forráðamanna, atvinnugreinanúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, slit félags og önnur þau atriði sem skylt er að skrá um starfsemi félaga og fyrirtækja samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

Úr fyrirtækjaskrá eru fengnar upplýsingar um fjölda fyrirtækja á hverjum tíma sem og upplýsingar um rekstrarform og atvinnugreinaflokkun þeirra.

5. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003090.html>.

6. Tengil á auglýsinguna má finna á vef Ríkisskattstjóra sjá [www.rsk.is](http://www.rsk.is/ws/cm/file/rsk_0601_4_2009.is.pdf) og sjá http://www.rsk.is/ws/cm/file/rsk_0601_4_2009.is.pdf til að finna nýjustu auglýsinguna.

7. Sjá lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003090.html>.

8. Sjá lög um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003017.html>.

Einnig eru upplýsingar um stjórnarsetu, framkvæmdastjóra, prókúruhafa og endurskoðendur sóttar úr fyrirtækjaskrá. Í fyrirtækjaskrá er ekki að finna upplýsingar um eignarhald fyrirtækja.

Önnur gögn

Þar sem upplýsingar um eignarhald var ekki að finna í gögnum frá Ríkisskattstjóra var notast við önnur gögn til að fylla í eyðurnar eins og unnt var. Á það bæði við um þegar leitað var að eignarhaldi innlendra og erlendra félaga. Leitað var rafrænt eftir upplýsingum um eignarhald úr fundargerðum lánanefnda, lánaumsóknum, gögnum unnum af Samkeppniseftirlitinu og öðrum gögnum sem lágu fyrir hjá rannsóknarnefnd Alþingis.

Gagnavinnsla

Útbúin voru tvö gagnasett með það að markmiði að draga upp mynd af kross- eignatengslum eins og líklegt er að þau hafi verið á tveimur tímamörkum, 1. janúar 2008 og við fall bankanna í október 2008. Þar sem hlutfjármiðum er einungis skilað einu sinni á ári er eignarhaldið við hrun bankanna nálgæð með eignarhaldinu eins og það birtist í hlutfjármiðum 1. janúar 2009, þremur mánuðum eftir fall, sem er besta myndin sem hægt er að draga upp af eignarhaldinu við fall, miðað við gögnin sem rannsóknarnefndin hafði aðgang að. Þar sem upplýsingar um eignarhald vantar í gögn Ríkisskattstjóra, þ.e.a.s. þegar fyrirtæki skila ekki hlutfjármiðum tekjuárin 2003–2008, er leitað í gögnum bankanna, og þá helst fundargerðum lánanefnda og lánaumsóknum. Einnig var stuðst við sömu heimildir þegar hlutféð var skráð á óþekkta hluthafa. Reynt var að rekja eignarhald fyrirtækja til einstaklinga eftir fremsta megni.

Hér síðar er fjallað sérstaklega um hvernig upplýsingar um eignartengsl og stærð eignarhluta voru unnar út frá frumgögnum.

Notkun frumgagna til að setja saman gögn um eignatengsl

Fyrir gagnasettið um eignarhald 1. janúar 2008 var miðað við tekjuárið 2007, þ.e. eignarhald við árslok 2007. Í þeim tilfellum sem fyrirtæki höfðu ekki skilað inn hlutfjármiðum fyrir tekjuárið 2007 er miðað við næsta ár á undan sem viðkomandi fyrirtæki hafði skilað og svo koll af kolli. Ef engar upplýsingar finnast frá árunum 2003–2007 er litið til tekjuársins 2008. Þess er þó gætt að fyrirtæki hafi verið til við lok árs 2007, þ.e. hafi verið stofnað að fyrir lok árs 2007 og hvorki gjaldþrota né hætt starfsemi um áramótin 2007/2008 samkvæmt fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Á sama hátt er notast við upplýsingar frá árunum á undan til að búa til gögn um eignarhald fyrirtækja í lok árs 2008 ef hlutfjármiðum 2008 hafði ekki verið skilað.⁹ Þess er gætt að fyrirtæki hafi verið starfandi á árinu 2008, þ.e. að þau hafi verið stofnuð fyrir lok árs 2008 og séu enn starfandi við upphaf ársins 2008. Ekki var gerð krafa um að fyrirtæki störfuðu út árið 2008 eins og gert var fyrir fyrirtækin árið 2007 þar sem fall bankanna varð á haustmánuðum 2008 og mörg félög fóru í þrot í kjölfar þess. Þessum fyrirtækjum er haldið inni í gagnasettinu til að geta skoðað útlán til fyrirtækja við fall bankanna, sem urðu síðar gjaldþrota.

9. 14. ágúst 2009 höfðu 13.073 fyrirtæki skilað inn hlutfjármiðum 2008, samanborið við 20.951 árið áður, en skilafrestur var til 10. febrúar 2009.

Eins og áður hefur komið fram vantar fullnægjandi upplýsingar um eignarhald fjölmargra fyrirtækja ef aðeins er stuðst við hlutafjármiða. Alls voru 41.103 lögaðilar með óútskýrt eignarhald þegar aðeins er stuðst við hlutafjármiða ársins 2007. Þegar þessir lögaðilar eru keyrðir saman við hlutafjármiða fyrri ára standa eftir 36.522 lögaðilar með óútskýrt eignarhald, þar af 4086 kennitölur hlutafélaga og einkahlutafélaga. Flestir lögaðilarnir með óútskýrt eignarhald eru áhugamannafélög, einkahlutafélög, einstaklingsfélög með kennitölu, erlend félög, félagasamtök, hlutafélög, húsfélög, stofnanir sveitarfélaga og sameignarfélög. Nákvæma skiptingu lögaðila sem ekki höfðu skilað inn neinum hlutafjármiðum á árunum 2003–2008 má sjá í töflu 2 skipt upp eftir rekstrarformi.

Tafla 2. Fjöldi félaga með óútskýrt eignarhald samkvæmt hlutafjármiðum Ríkisskattstjóra¹

<i>Tegund lögaðila</i>	<i>Fjöldi</i>
Félagasamtök	10.324
Húsfélag	9.043
Erlent félag/fyrirtæki, v/bankaviðskipta	4.263
Einkahlutafélag (ehf)	4.013
Sameignarfélag almennt (sf)	2.263
Einstaklingsfyrirtæki með kennitölu (skráð fyrir 1. júlí 2003)	1.644
Stofnun sveitarfélags	920
Áhugamannafélag	859
Ríkisstofnun	721
Opinber aðili	545
Samlagsfélag, almennt (slf)	355
Sjóður/deild innan fjármálfyrirtækis	352
Sjálfsagnarstofnun með staðfesta skipulagsskrá	329
Útibú/deild hlutafélags	222
Félagsbú	154
Veiðifélag	151
Lífeyrissjóður	86
Hlutafélag, almennt (hf)	73
Útibú erlends félags	66
Önnur sameignarfélög (óskilgreind)	51
Sjálfsagnarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)	51
Útibú sparisjóðs	42
Aðrar sjálfsagnarstofnanir - útibú/deild	42
Samvinnufélag (svf)	33
Byggðasamlag (bs)	29
Stofnun/fyrirtæki í eigu erlends ríkis	25
Erlent félag með tímabundna starfsemi á Íslandi	12
Húsnaðissamvinnufélag	10
Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags	6
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags	6
Félag í frístundabyggð	2
Önnur félagasamtök/áhugamannafélög	2
Sameignarfélag opinberir aðilar	2
Önnur félög utan aðalskrár	2
Hlutafélög - opinber	2
Sparisjóður	2
Einkahlutafélag (ehf) - Alþjóðlegt viðskiptafélag (ehf a.v.)	1
Samtals	36.703

1. Samkvæmt hlutafjármiðum Ríkisskattstjóra árin 2003–2008.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

Alls eru 4086 hluta- og einkahlutafélög sem hafa ekkert útskýrt eignarhald samkvæmt gögnum Ríkisskattstjóra. Þessum fyrirtækjum, sem og erlendum fyrirtækjum í lánabókum bankanna, var forgangsraðað eftir hámarksútlána-stöðu hjá bönkunum þremur, Glitni, Landsbanka og Kaupþingi á tímabilinu 2003–2008. Leitað var eftir upplýsingum um eignarhald þessara fyrirtækja í gögnum frá bönkunum í samræmi við þá forgangs röðun. Samhliða voru skoðuð erlend félög og fyrirtæki vegna bankaviðskipta og aftur voru gögn bankanna sjálfra notuð til að afla upplýsinga um eignarhald.

Heildarfjöldi fyrirtækja með upplýsingum um eignarhald í gagnasettunum er 25.712 árið 2007 og 26.407 árið 2008. Þar meðtalin eru erlend félög með íslenska kennitölu vegna bankaviðskipta á Íslandi sem og erlend fyrirtæki sem ekki voru með íslenska kennitölu. Alls voru 93.171 hluthafi, einstaklingur og fyrirtæki, skráður fyrir hlut í einu eða fleiri fyrirtækjum árið 2007 og 94.784 árið 2008. Þar af voru 85.858 einstaklingar árið 2007 og 87.240 árið 2008. Eftir að öll gögn Ríkisskattstjóra sem og önnur gögn sem rannsóknarnefndin hafði aðgang að höfðu verið skoðuð, standa eftir 4.045 hluta- og einkahlutafélög með að fullu óútskýrt eignarhald. Lista yfir 100 skuldsettustu hluta- og einkahlutafélög sem ekki hafa skráð eignarhald má finna í fylgiskjali 5.

Verðmæti eignarhluta í fyrirtækjum

Þar sem ekki er samræmi á milli hvernig fyrirtæki skrá hluti sína í öðrum félögum í rekstrarframtölum er farin sú leið að nálga verðmæti eignarhluta með því að margfalda eignarhluta fyrirtækis í öðru félagi með eigin fé viðkomandi félags í heild úr rekstrarframtölum.

Í þeim tilfellum sem fyrirtæki höfðu ekki skilað inn rekstrarframtali fyrir viðkomandi ár var leitað eftir gögnum næstu ára á undan og eftir. Til að reikna verðmæti eignarhluta við árslok 2007 voru því fyrst skoðuð rekstrarframtöl 2007. Ef þeim hafði ekki verið skilað voru skoðuð rekstrarframtöl árin 2006 og svo 2008. Til að reikna verðmæti eignarhluta við árslok 2008 var fyrst skoðað rekstrarframtal 2008, ef það var ekki fyrir hendi voru skoðuð rekstrarframtöl 2007 og 2006. Ekki var litið lengra aftur í tímann þar sem eldri upplýsingar gefa ekki nægilega rétta mynd af stærð eigin fjár á rannsóknartímanum.

Lög og reglugerðir sem snerta tengda aðila og stórar áhættuskuldbindingar

Aðilar geta verið tengdir vegna eignatengsla, vegna þess að þeir eru fjárhagslega háðir, vegna stjórnunartengsla eða annarra tenginga. Þessi kafli gefur yfirlit yfir þær lagagreinar sem skilgreina tengda aðila, yfirrád og fjárhagsleg tengsl. Fyrst eru skoðaðar reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættur til tengdra aðila og síðan eru aðrar lagagreinar um tengda aðila skoðaðar. Kaflanum lýkur á samantekt og túlkun rannsakennda á þessum lögum og reglum um tengda aðila. Frekara yfirlit yfir lög og reglugerðir sem varða tengda aðila má finna í kafla 8.0 í skýrslunni. Ítrekað er að sú túlkun sem hér er sett fram er ekki lögfræðileg, heldur tekur mið af þeim tengslum sem höfundar rannsóknar telja rétt að leggja til grundvallar til að varpa ljósi á þau tengsl og þá áhættu sem skapast hafði í aðdraganda bankahrunsins.¹⁰

10. Í sumum tilvikum er því hugsanlegt að tengsl séu dregin upp sem hægt er að færa rök fyrir að séu ekki fjárhagsleg tengsl eða bein eða óbein yfirrád í lögfræðilegum skilningi samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar.

Reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar

Fjármálaeftirlitið setti reglur um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja með reglum nr. 216/2007. Þar eru meðal annarra hugtök áhættuskuldbinding og stór áhættuskuldbinding skilgreind. Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins teljast stórar áhættuskuldbindingar þær áhættuskuldbindingar sem nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækja.¹¹ Áhætta er skilgreind í fyrstu grein þessara reglna sem lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhlutar og veittar ábyrgðir.

Í sömu reglum eru aðilar skilgreindir sem fjárhagslega háðir ef þeir eru „svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagssefíðleikum eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluferfðleikum“.¹²

Einnig eru fjárhagslega tengdir aðilar skilgreindir sem „tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum“. Fjárhagslega tengdir aðilar eru hins vegar ekki skilgreindir nánar í reglum Fjármálaeftirlitsins og því þarf að túlka hvenær „einn hefur bein eða óbein yfirráð fyrir öðrum“. Því eru önnur lög og reglur skoðaðar til að greina hvernig löggjafinn skilgreinir tengda aðila í öðru samhengi, með það að markmiði að ákvarða lágmarkseignarhlut milli lögaðila sem gerir þá fjárhagslega tengda.

Hér aftur er yfirlit yfir helstu lagagreinar og reglugerðir sem snerta skilgreiningar á tengslum milli aðila, samstarf eða yfirráð og kemur í ljós að reglurnar eru að mörgu leyti matskenndar og því erfiðar í framkvæmd.

Tengdir aðilar

Lög um verðbréfavíðskipti

Lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007¹³, fjalla um víðskipti með verðbréf og fjármálagerninga. Fram að gildistöku laga nr. 22/2009, til breytinga á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, taldist aðili fara með yfirráð ef hann fór með 40% atkvæðisrétt í félagi, hvort sem það var í gegnum eigin eignir, beinar eða óbeinar, eða með samningi við aðra hluthafa. Við setningu laga nr. 22/2009, sem tóku gildi í mars 2009, var þetta hlutfall lækkað niður í 30%.

Lög um fjármálafyrirtæki

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 „gilda um innlend fjármálafyrirtæki og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi“.¹⁴ Þar er meðal annars fjallað um nán tengsl, samstarf og virkan eignarhlut.

Um nán tengsl er fjallað í 18. grein sömu laga en þar stendur:

Með nánnum tengslum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

- a. víðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutfjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða

11. Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007, 2. gr., <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=db67403d-8641-4037-86cf-aa77f2b52f0e>.

12. Sjá Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007, 2. gr., <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=db67403d-8641-4037-86cf-aa77f2b52f0e>.

13. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html>.

14. Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 1. gr. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002161.html>.

- b. yfírráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfírráðatengslum skal einnig litið á það sem nán tengsl milli aðila.

Fjallað er um samstarf í 3. mgr. 40. gr. a, sömu laga en þar stendur:

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfírráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfírráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfírráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

Um virkan eignarhlut er fjallað í 1. og 2. mgr. 40. gr. sömu laga en þar stendur:

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

Samantekt, skilgreiningar og túlkun rannsakenda

Markmið rannsóknarinnar er að setja saman hópa tengdra aðila. Til að geta tengt aðila saman með eignatengslum þarf að ákveða hvert lágmarkseignarhald á að vera til að aðilar teljist tengdir.

Eins og sést af samantektinni á lögum sem fjalla um tengda aðila er afar matskennt, í lagalegu tilliti, hvenær tengdir aðilar teljast tengdir. Reglur Fjármálaeftirlitsins (216/2007) skilgreina fjárhagslega tengda aðila mjög rúmt. Þar segir að lögaðilar séu fjárhagslega tengdir hafi annar aðilinn bein eða óbein yfirráð yfir hinum.

Í lögum um verðbréfavíðskipti (108/2007) taldist aðili hafa yfirráð færi hann í það minnsta með 40% atkvæðisrétt í einu félagi, þá segir í lögum um fjármálafyrirtæki (161/2002) að virkur eignarhlutur teljist 10% en það á einungis við um fjármálafyrirtæki og tryggingarfélög. Í sömu lögum um fjármálafyrirtæki, teljast tveir eða fleiri einstaklingar vera náð tengdir ef beinn eða óbeinn eignarhlutur (eða atkvæðisréttur) er orðinn 20%, og þá eru þeir einnig skilgreindir í nánú samstarfi við sama eignarhlut. Það má því færa rök fyrir því að samkvæmt skilgreiningu lagana teljist tveir aðilar tengdir ef annar á 20% eða meira, beint eða óbeint, í hinum aðilanum.

Það er skoðun rannsakenda að ekki sé hægt að rökstyðja svo lágan eignarhlut sem 10% til að nota sem skilgreiningu á tengdum aðilum en aðeins er minnst á 10% eignarhlut í sambandi við eignarhald í fjármála- og tryggingafélögum. Þá þykir stærsta eignarviðmiðið sem fram kemur í lagatextum, 40%, um yfirtökuskylda í hlutafélögum, of vítt enda er yfirtökuskylda í skráðum félögum mjög íþyngjandi fyrir aðila, þ.e. aðili er skyldaður til að gera öllum öðrum hluthöfum tilboð um yfirtöku ef 40% markinu er náð (þessu hlutfalli hefur nú verið breytt í 30%). Auk þess má færa gild rök fyrir því að aðilar séu tengdir áður en þeir verða yfirtökuskyldir. Því er í þessari rannsókn miðað við 20% eignarhlut, auk þess sem næmi niðurstaðanna er skoðað gagnvart þessari skilgreiningu.

Aðferðafræði útreikninga

Skilgreiningar

Í því sem á eftir fer er notast við eftirfarandi hugtök:

- *Hópur* er safn tengdra lögaðila.
- *Eiginlegur eignarhlutur* eins aðila í öðrum er eign þess fyrrnefnda í þeim síðarnefnda bæði bein og óbein.
- *Lágmarkseignarhluti* er sá eiginlegi eignarhluti sem aðili þarf að eiga í öðrum til að sá síðarnefni sé í hóp þess fyrrnefnda.
- *Aðalaðili* er sá aðili sem hópur er myndaður út frá. Félag sem hann á meira en eiginlegan lágmarkseignarhlut í og þeir aðilar sem eiga yfir lágmarkseignarhlut í honum, falla í hans hóp (auk fjárhagslega tengdra aðila).
- Einn aðili telst *fjárhagslega tengdur* öðrum ef sá fyrrnefndi fellur ekki í hóp þess síðarnefnda vegna eignatengsla, en aðilarnir eru það fjárhagslega háðir að ef eigið fé annars þeirra hverfur þá kemst hinn í fjárhagsleg vandræði. Fjárhagslega háði aðilinn telst þá til hóps hins aðilans.

Útreikningar á tengdum aðilum

Leitast er við að draga upp sem besta mynd af tengslunum eins og tengslin voru um áramótin 2007/2008 annars vegar og við fall hins vegar, eins og fjallað var um í gagnakaflanum hér frammar. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja voru reiknuð út eiginleg eignatengsl allra fyrirtækja úr fyrirtækjaskrá

skattsins. Aðferðafræðinni við útreikninga á eiginlegum eignatengslum er lýst í Ellerman, 1991.

Í þessari rannsókn eru tengdir aðilar fyrirtækis A öll þau fyrirtæki sem A á (beint eða óbeint) að minnsta kosti ákveðinn lágmarkseignarhlut í. Að auki eru tengdir aðilar öll þau fyrirtæki eða einstaklingar sem eiga að minnsta kosti (beint eða óbeint) sama eignarhlutfall í A. Við þennan hóp er bætt þeim fyrirtækjum sem teljast fjárhagslega tengd.


Aðili getur verið fjárhagslega háður öðrum til dæmis vegna eignarhluta og ábyrgða. Því skilgreinum við aðila sem fjárhagslega tengda ef verðmæti eignarhlutar eins aðila í öðrum sem hlutfall af eigin fé þess fyrrnefnda er það hátt að ef eignarhlutinn hverfur þá getur það leitt til greiðsluferfiðleika. Sem dæmi má taka eignarhaldsfélagið X sem hefur 100 krónur í eigið fé og á auk þess 5% hlut í félagi Y sem var borgað fyrir með fé sem fengið var að láni. Þar sem hlutur X í Y er aðeins 5%, eru X og Y ekki tengdir út frá skilgreiningunni um eignarlega tengda aðila. Ef upphæð lánsins er hærri en eigið fé fyrirtækisins (100 krónur) er ljóst að ef Y fer í þrot og X þarf að afskrifa hlut sinn, er eigið fé X uppurið og því er það tæknilega gjaldþrota. X er því fjárhagslega háð Y.

Á sama hátt mætti skilgreina aðila sem fjárhagslega háða ef einn aðili er í mikilli (sem hlutfall af eigin fé) ábyrgð fyrir annan. Þar sem gögn um ábyrgðir eru bæði stopul og óáreiðanleg er ekki tekið tillit til ábyrgða í þessari rannsókn, en væri verðugt viðfangsefni.

Það hefur mikil áhrif á hóp tengdra aðila hver skilgreindur er sem aðalaðili. Þetta er best skýrt með dæmi. Einstaklingur 1 á eignarhaldsfélagið X að fullu og einstaklingur 2 á eignarhaldsfélagið Y að hálfu. Eignarhaldsfélögin X og Y eiga svo hluti í félögum A, B og C, sem síðan eiga hluti í D og E, sem aftur eiga hlut í F, G, H og I, auk þess sem G á hlut í H. Tafla 3 sýnir eignarhlut félöguna hvert í öðru og mynd 1 sýnir eignartengslin á mynd. Rauðar nóður (hringir) eru einstaklingar og grænar nóður eru fyrirtæki. Örvarnar benda frá eiganda á eign.

Fyrsta skrefið í myndun hóps tengdra aðila er að ákvarða hvaða aðili er aðalaðili, það er út frá hvaða fyrirtæki eða einstaklingi á að mynda hópinn. Út frá skilgreiningum á tengdum aðilum eru tengdir aðilar ákveðins fyrirtækis þau fyrirtæki sem aðalaðilinn á að minnsta kosti ákveðinn lágmarkseignarhlut í og þau fyrirtæki eða einstaklingar sem eiga að minnsta kosti ákveðinn lágmarkseignarhlut í aðalaðila. Ef spurningin er: Hvaða aðilar eru tengdir B?

Mynd 1
Tengdir aðilar, eignatengsl




Rauðir hringir (nóður) tákna einstaklinga og grænir hringir (nóður) tákna fyrirtæki. Örvar milli nóða tákna bein eignatengsl, sem dæmi á einstaklingur 1 100% í fyrirtækinu X.
Heimild: Höfundar.

Tafla 3. Eignarhlutur einstaklinga og fyrirtækja í öðrum fyrirtækjum (Sjá dæmi um eignarhald)

Eigandi	Eign	Eignarhlutur %
1	X	100
2	Y	50
X	A	100
X	B	20
Y	B	80
Y	C	50
B	D	40
B	E	19
C	E	35
D	F	20
D	G	100
E	H	10
E	I	20
G	H	40

Mynd 2

Tengdir aðilar, hópar tengdra aðila




Rauðir hringir tákna einstaklinga og grænir hringir eru fyrirtæki. Bláa línan umlykur aðila sem falla í sama hóp. Til vinstri er hópur myndaður þegar B er aðalaðili, og til hægri er hópurinn myndaður út frá D sem aðalaðila.
Heimild: Höfundar.

Þá er svarið annað en ef við spyrjum spurningarinnar: Hverjir eru tengdir D? Mynd 2 sýnir hópa tengdra aðila miðað við 20% lágmarkseignarhlut í báðum þessum tilfellum. Eins og myndin sýnir eru hóparnir ekki þeir sömu.

Ef áhugi er á því að skoða aðila tengda ákveðnum einstaklingum, er einstaklingurinn gerður að aðalaðila og hópurinn eru öll þau fyrirtæki sem hann/hún á að minnsta kosti lágmarkseignarhlut í. Mynd 3 sýnir aðila tengda einstaklingi X, aðila tengda einstaklingi Y og aðila tengda einstaklingum X og Y, séu þeir skilgreindir sem tengdir aðilar, eins og er tilfellið ef þeir eru til dæmis giftir.

Mynd 3

Tengdir aðilar, hópar tengdra aðila út frá einstaklingum



Rauðir hringir tákna einstaklinga og grænir hringir eru fyrirtæki. Bláa línan umlykur hópa tengdra aðila þegar einstaklingur 1 er aðalaðili, í efri röð til vinstri er hópur tengdra aðila þegar einstaklingur 2 er aðalaðili, í neðri röð er hópur tengdra aðila þegar einstaklingar 1 og 2 eru skilgreindir í samstarfi. Heimild: Höfundar.

Útreikningar á fjárhagslega tengdum aðilum

Fjárhagslega tengdir aðilar teljast tveir lögaðilar þegar eignarhlutur eigandans í eigin fé hins aðilans er jafn stór eða stærri en eigið fé eigandans. Það er ef:

$$\text{Eigið fé eiganda} \leq \text{eignarhlutur í eign} * \text{eigið fé eignar}$$

Ef þetta skilyrði er uppfyllt, lendir eigandinn í fjárhagslegum erfiðleikum fari eignin í prot. Athugað er hvort þetta skilyrði sé uppfyllt og lögaðila bætt í hóp aðalaðila ef hann er þar ekki fyrir vegna eignatenginga.

Dæmi um tengda aðila vegna fjárhagslegra tengsla

Sama dæmið er notað áfram til skýringar á fjárhagslegum tengslum. Mynd 4 sýnir aðila tengda B vegna eignatengsla með blárrí línu, eins og það var skýrt út hér framar. Nú er A mjög verðlítill eign, virði hennar er 10 krónur, en B

er verðmikil eign að virði 1000 krónur. Eignarvirði X í A er 10 krónur (X á 100% í A) og eignarvirði X í B er 200 krónur (X á 20% í B). X keypti hlutinn sinn í B að hluta til með láni að upphæð 190 krónur. Engar aðrar eignir eru í félaginu. Eignir X eru því samtals 200 króna virði. Skuldir X eru 190 krónur. Ef B verður gjaldþrota, verður hlutur X í B einskis virði og skuldir X umfram eignir eru þá 190 krónur og X teldist því tæknilega gjaldþrota. X telst því fjárhagslega tengt félagi B, og rauða línan á mynd X sýnir hóp aðila tengdum B þegar fjárhagsleg tengsl eru tekin með.

Tengsl vegna stjórnunaráhrifa og vinavensl

Í minnisblaði¹⁵ um túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um stórar áhættuskuldbindingar segir:

„Eftirfarandi eru dæmi um að aðili sé háður öðrum og þarf fjármála fyrirtæki að færa rök fyrir því að tengja ekki slíka aðila saman ... – áhættuskuldbindingar til fyrirtækja þar sem sami aðili er stjórnandi og/ eða stjórnarmaður hjá báðum fyrirtækjum.“

Ef þessi túlkun er höfð til hliðsjónar þarf að skoða sérstaklega hvaða stjórnarmenn sitja í stjórn aðaladila og bætum við öllum þeim fyrirtækjum sem þeir sitja í stjórn hjá. Þessi skilgreining á tengdum aðilum er þrengri en til dæmis í lögum um verðbréfavíðskipti¹⁶, en þar segir:

„hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra mál-efnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan“.


Því voru einnig skoðuð „vináttubönd“ byggð á viðskiptalegum hagsmunum. Skoðaðar voru eignir einstaklings og litið á hvaða einstaklinga sá einstaklingur skipar í stjórnir félaga þar sem viðkomandi fer með stóran eignarhlut. Ef eigandi skipar endurtekið sama einstaklinginn í stjórn eða framkvæmdastjórn má færa að því rök að þeir séu í samstarfi og ætti því að vera litið á þá sem tengda aðila.

Mynd 5 skýrir hvernig tengsl vegna stjórnunaráhrifa hafa áhrif á myndun hópa. Einstaklingur 3 situr í stjórnnum A, X, B og Y auk þess sem hann á 50% eignarhlut í Y. Hópur lögaðila tengdum X sést vinstra megin á mynd 5 merkt með blárrí línu, en í hóp X falla A, B og einstaklingur 1 vegna eignartengsla. Ef tillit er tekið til stjórnartengsla, fellur Y einnig í hópinn þar sem einstaklingur 3, stjórnarmaður í X situr einnig í stjórn Y.

Nú má færa fyrir því rök að milli einstaklings 1 og 3 séu rík hagsmunatengsl, þar sem einstaklingur 3 situr í stjórnnum allra fyrirtækja sem falla í hóp einstaklings 1. Séu einstaklingar 1 og 3 skilgreindir í samstarfi verður hópur aðila þeim tengdur mun stærri, eins og sjá má hægra megin á mynd 5, en við það falla C, D, E og G í hópinn.

Mynd 4

Tengdir aðilar vegna fjárhagslegra tenginga




Rauðir hringir tákna einstaklinga og grænir hringir eru fyrirtæki. Blá brotalína umlykur aðila tengda B þegar aðeins er horft til eignartengsla, rauð brotalína umlykur hóp tengdra aðila þegar fjárhagslega tengdir aðilar eru teknir með. Heimild: Höfundar.

15. Minnisblað vegna mótunar meginreglna/túlkunar um tengingu viðskiptamanna fjármála fyrirtækja vegna stórra áhættuskuldbindinga, drög frá nóvember 2008.

16. Lög um fjármálafyrirtæki nr. 108/2007, 100. gr., <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html>.

Tengdir aðilar vegna stjórnunar- og samstarfstengsla



Rauðir hringir tákna einstaklinga og grænir hringir eru fyrirtæki. Bláa brotalinan sýnir hóp lögaðila tengdum fyrirtækinu X. Vinstra megin sýnir rauða brotalinan hóp tengdra aðila þegar stjórnunar tengsl eru tekin með og hægra megin sýnir rauða brotalinan hóp tengdra aðila þegar einstaklingar 1 og 3 eru skilgreindir í samstarfi.
Heimild: Höfundar.

Niðurstöður I – Krosseignatengsl

Í þessum kafla er leitast við að veita yfirlit yfir tengsl fyrirtækja á Íslandi almennt. Fyrst eru tengsl fyrirtækja skoðuð almennt, byggt á gögnum Ríkisskattstjóra. Skoðað er sérstaklega hversu mörgum öðrum fyrirtækjum fyrirtæki almennt tengjast og skoðaðir eru sérstaklega stærstu hópar fyrirtækja. Þá eru og skoðaðir stærstu hóparnir þegar einstaklingur er aðalaðili. Einnig er minnst á tvö sérstök mynstur í gögnunum, stjórnur skúffufyrirtækja og fyrirtækjakeðjur.

Yfirlit yfir eignatengsl á Íslandi

Um áramótin 2007/2008 voru í fyrirtækjaskrá rúmlega 60.377 rekstraraðilar (fyrirtæki, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög o.s.frv.) þegar frá eru taldir einstaklingar í atvinnurekstri. Af rúmlega 60 þúsund rekstraraðilum voru 19.708 aðilar sem ekki tengdust neinum öðrum rekstraraðilum eignartengslum, þ.e.a.s. áttu ekki hlut í öðrum rekstraraðila og voru ekki að neinu leyti í eigu rekstraraðila. Ef einungis er horft til algengustu rekstrarforma fyrirtækja, hlutafélaga og einkahlutafélaga voru alls 29.331 félög í rekstri um áramótin 2007/2008, þar af voru 3.750 (13%) félög sem ekki tengjast neinum öðrum félögum eignatengslum. Önnur fyrirtæki tengjast flest fáum öðrum fyrirtækjum en hins vegar er hluti viðskiptanetsins á Íslandi þétt ofið.


Um áramótin 2007/2008 eru alls 1.307 fyrirtæki skráð á Íslandi með eignir að andvirði 500 milljónir króna eða meira.¹⁷ Mynd 6 sýnir 816 þessara fyrirtækja, sem öll tengjast eignatengslum á einhvern hátt innbyrðis. Eins og sjá má á myndinni eru eignatengslin flókin og ekki auðvelt að aðgreina ákveðnar viðskiptablokkir. Sterklega sést hversu mörgum öðrum fyrirtækjum bankarnir tengjast. Einnig vekur athygli keðja fyrirtækja, Actavis Pharma Holding 1 – 5 og Actavis eignarhaldsfélag, en fjallað er um þessa keðju í kafla 8.0, og keðjan er sýnd sérstaklega á mynd 8 hér á eftir.

Mynd 7 sýnir eignartengsl á enn skýrari hátt en hún sýnir fyrirtæki skráð á Íslandi með eignir að andvirði 500 milljónir króna eða meira samkvæmt

17. Upplýsingar um eignastöðu fyrirtækja eru fengnar úr rekstrarframtali 2007. Ef rekstrarframtali 2007 var ekki skilað eru skoðuð rekstrarframtöl 2006 og 2008.

Mynd 6


Eignatengsl fyrirtækja með yfir 500 milljónir króna í eignir



Hringir á myndinni tákna fyrirtæki og línur á milli þeirra tákna eignatengsl. Öll fyrirtækin á myndinni hafa yfir 500 milljónir í eignir og tengjast öll eignatengslum imbyrðis á einhvern hátt, en ekkert lámarksiglið er á eignatengslunum.
Hemild: Ríkisskattstjóri, Giltir banki hf., Kaupting banki hf., Landbani hf., Stráumur/Varabanki hf.

Mynd 7

Eignatengsl fyrirtækja með yfir 500 milljónir króna í eignir, 10% lámarks eignatengsl



Eignatengsl fyrirtækja með yfir 500 milljónir króna í eignir. Hringir tákna fyrirtæki og örvar milli fyrirtækja merkja að minnsta kosti 10% eignatengsl. Heimild: Ríkisskattstjórn, Ölfirni banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

rekstrarframtali og eignatengsl eru aðeins sýnd ef bein eign er 10% eða stærri. Hópurinn sem tengist allur innbyrðis telur 453 fyrirtæki. Eins og sjá má tengjast mörg stórfyrirtæki landsins.

Þó svo að stór hópur fyrirtækja tengist allur innbyrðis, tengjast flest fyrirtæki fáum öðrum fyrirtækjum. Um áramótin 2007/2008 voru 866 hlutafélög og 28.465 einkahlutafélög starfandi, þar af eru 796 (92%) hlutafélög með þekkt eignarhald og 24.490 (86%) einkahlutafélög. Fjöldi fyrirtækja tengist engum öðrum fyrirtækjum, 112 hlutafélög (14,1% félaga með þekkt eignarhald) og 16.298 einkahlutafélög (66,5% félaga með þekkt eignarhald), eins og sjá má í töflum 4 og 5. Alls eiga 356 (41,1%) hlutafélaga ekki hlut í öðrum félögum og það sama á við um 23.531 (82,6%) einkahlutafélaga. Alls eru 243 (30,5% af félögum með þekkt eignarhald) hlutafélög sem hafa ekki annað félag sem eiganda og það sama á við um 19.580 (80,0% félaga með þekkt eignarhald) einkahlutafélaga. Mynd 9 sýnir hversu mörgum öðrum félögum (ekki einstaklingum) hlutafélög tengjast, ef þau tengjast einhverjum félögum á annað borð. Eins og sjá má tengist stærsti hluti hlutafélaga fáum

Tafla 4. Upplýsingar um fjölda tenginga hlutafélaga við önnur fyrirtæki

Eigendur	Eiga ekki hlut í öðrum fyrirtækjum ¹	Eiga hlut í a.m.k. einu öðru fyrirtæki	Samtals
Óþekkt eignarhald	50	20	70
Einungis einstaklingar	112	131	243
A.m.k. eitt fyrirtæki er eigandi	194	359	553
Samtals	356	510	866

1. Þessi félög eiga hugsanlega hlut í fyrirtækjum með óþekkt eignarhald.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Tafla 5. Upplýsingar um fjölda tenginga einkahlutafélaga við önnur fyrirtæki

Eigendur	Eiga ekki hlut í öðrum fyrirtækjum ¹	Eiga hlut í a.m.k. einu öðru fyrirtæki	Samtals
Óþekkt eignarhald	3.701	274	3.975
Einungis einstaklingar	16.298	3.282	19.580
A.m.k. eitt fyrirtæki er eigandi	3.532	1.378	4.910
Samtals	23.531	4.934	28.465

1. Þessi félög eiga hugsanlega hlut í fyrirtækjum með óþekkt eignarhald.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.


Tafla 6. Meðaltöl og miðgildi fjölda eigenda og eigna, hluta- og einkahlutafélaga

	Hlutafélög		Einkahlutafélög	
	Eigendur	Eignir	Eigendur	Eignir
Meðaltal	11	3	0	0
Miðgildi	1	1	0	0

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 8


Actavis fyrirtækjakeðjan



Lengsta keðja stórra fyrirtækja (með yfir 500 milljónir króna í eignir): Keðja fyrirtækja kennd við Actavis. Eigendur Actavis Pharma Holding 1 hf. eru Novator ehf. með 78% hlut, NBI hf. með tæplega 5% hlut, Landsbankinn Luxembourg S.A. með 6,5% og Straumur Búðarás Fjárfestingafélag með 6,7% hlut. Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 9


Fjöldi eigenda og eigna hlutafélaga



Rauðu súlurnar tákna fjölda annarra fyrirtækja sem hlutafélög eiga í (að frátöldum þeim fyrirtækjum sem eiga ekki í neinum öðrum fyrirtækjum). Bláu súlurnar sýna fjölda fyrirtækja sem eru eigendur af hlutafélögum (að frátöldum þeim félögum sem ekkert annað félag á hlut í). Heimild: Ríkisskattstjóri.

Mynd 10

Fjöldi eigenda og eigna einkahlutafélaga




Rauðu súlurnar tákna fjölda annarra fyrirtækja sem einkahlutafélög eiga í (að frátöldum þeim fyrirtækjum sem eiga ekki í neinum öðrum fyrirtækjum). Bláu súlurnar sýna fjölda fyrirtækja sem eru eigendur af einkahlutafélögum (að frátöldum þeim félögum sem ekkert annað félag á hlut í). Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

öðrum félögum beint. Meðalfjöldi og miðgildi eigna og eigenda hluta- og einkahlutafélaga má sjá í töflu 6. Mynd 10 sýnir sömu upplýsingar fyrir einka- hlutafélög.

Mynd 11

Fyrirtæki tengd KPMG Lausnum og KPMG hf. áramótin 2008/2009



Hefillid: Ríkisskattstjóri.

„Skúffufyrirtæki“

Þegar fyrirtækjanetið var teiknað kom í ljós mynstur skúffufyrirtækja. Þegar þessar tengingar eru skoðaðar nánar kemur í ljós fjöldi fyrirtækjatenginga ráðgjafarstofa. Á þetta sérstaklega við um KPMG hf. og KPMG Lausnir ehf., en félög tengd þeim má sjá á mynd 11, alls 36 fyrirtæki.

Upphafleg nöfn þessara félaga og dagsetningu nafnabreytinga má sjá í töflu 7 en eins og sjá má á nöfnunum og dagsetningu nafnabreytinga bera mörg þeirra í upphafi nöfn sem byrja ýmist á AB eða FS og númeri en nafni þeirra er breytt síðar þegar kennitölurnar eru teknar í notkun. Sem dæmi hét Jötunn Holding ehf. áður AB73 ehf., Intramatrix ehf. hét áður AB74 ehf. og AB75 ehf. sem síðar fékk nafnið Icelandic Capital Fund ehf.

Tafla 7. Kennitölur fyrirtækja sem stofnuð voru af KPMG¹

Kennitala	Nafn	Aðgerð	Dagsetning aðgerðar
4111958219	Endurskoðun ehf	Stofnun	1.11.1995
4704062910	Skrifstofuþjónusta Suðurnesja ehf	Stofnun	6.4.2006
4911072000	AB 125 ehf.	Stofnun	31.10.2007
4911072000	Sölustjórinn ehf.	Nafnabreyting	5.11.2008
5001071620	AB 73 ehf	Stofnun	29.12.2006
5001071620	Jötunn Holding ehf	Nafnabreyting	27.2.2007
5001071700	AB 74 ehf	Stofnun	29.12.2006
5001071700	Intramatrix ehf	Nafnabreyting	22.2.2007
5001071890	AB 75 ehf	Stofnun	29.12.2006
5001071890	Icelandic Capital Fund ehf	Nafnabreyting	12.8.2008
5001071890	Sustainable Society Fund ehf	Nafnabreyting	14.1.2009
5101820579	KPMG Endurskoðun Akureyri hf	Stofnun	11.1.1982
5112060810	AB 53 ehf	Stofnun	8.11.2006
5112060810	V86 ehf	Nafnabreyting	11.5.2007
5305042120	Hlekkjafesti ehf	Stofnun	13.5.2004
5305042120	Undirstöður ehf	Nafnabreyting	19.12.2008
5501090180	AB 199 ehf	Stofnun	17.10.2008
5501090180	BS Trading ehf	Nafnabreyting	24.2.2009
5501090260	AB 198 ehf	Stofnun	17.10.2008
5501090260	Tunga eignarhaldsfélag ehf	Nafnabreyting	14.5.2009
5701081230	Blikar ehf	Stofnun	2.1.2008
6012061880	FS15 ehf	Stofnun	14.12.2006
6012061880	West Africa Holding ehf	Nafnabreyting	20.5.2009
6101023870	Skrifstofuþjónusta Vesturlands ehf	Stofnun	21.1.2002
6103005290	Jósef ehf	Stofnun	21.3.2000
6103005290	Sinna ehf	Nafnabreyting	20.4.2007
6111080440	AB 197 ehf	Stofnun	17.10.2008
6111080440	NT ehf	Nafnabreyting	2.2.2009
6111080520	AB 194 ehf	Stofnun	17.10.2008
6111080520	Nýbraut ehf	Nafnabreyting	1.4.2009
6111080600	AB 193 ehf	Stofnun	17.10.2008
6111080600	Arða ehf	Nafnabreyting	11.3.2009
6202691079	Státtak hf	Stofnun	22.2.1969
6206881859	Trón ehf	Stofnun	22.6.1988
6404891549	Sinna ehf	Stofnun	24.4.1989
6408061680	FS8 ehf	Stofnun	23.8.2006
6408061680	Globus heildsala ehf	Nafnabreyting	10.1.2007
6408061760	FS9 ehf	Stofnun	23.8.2006
6602032140	Mjúk snerting ehf	Stofnun	26.2.2003
6602032140	Fjárfestingafélagið Smári ehf	Nafnabreyting	4.3.2005

Tafla 7. Kennitölur fyrirtækja sem stofnuð voru af KPMG¹ (frh.)

Kennitala	Nafn	Aðgerð	Dagsetning aðgerðar
6602032140	Fjárfestingafélagið Klettur ehf	Nafnabreyting	25.8.2005
6710050740	Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf	Stofnun	20.10.2005
6710953169	Viðskiptamiðlunin hf	Stofnun	27.10.1995
6711080190	AB 195 ehf	Stofnun	17.10.2008
6711080270	AB 196 ehf	Stofnun	17.10.2008
6711080270	Hús og Bíll ehf	Nafnabreyting	29.1.2009
6711080350	AB 200 ehf	Stofnun	17.10.2008
6910080960	AB 189 ehf	Stofnun	17.10.2008
6910080960	Funafold ehf	Nafnabreyting	31.3.2009
7005050220	CF fjárfestingar ehf	Stofnun	26.5.2005
7008060220	FS5 ehf	Stofnun	23.8.2006
7008060220	J. Ástvaldsson ehf	Nafnabreyting	13.4.2007
7010080140	AB 191 ehf	Stofnun	17.10.2008
7010080140	Bakkagrandi ehf	Nafnabreyting	20.1.2009

1. Í töflunni má sjá upphafleg nöfn og núverandi ásamt dagsetningu nafnabreytingar.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

Til að kanna nánar tilurð „skúffufyrirtækja“ er skoðað hvaða aðilar stofna flest fyrirtæki. Í ljós kemur að endurskoðunarfyrirtæki eða fyrirtæki tengd þeim og lögmannastofur stofna flest fyrirtæki á þeim árum sem til athugunar

Tafla 8. Aðilar sem stofnuðu 20 eða fleiri fyrirtæki á tímabilinu 2003–2008

Kennitala	Nafn	Fjöldi stofnaðra fyrirtækja
5602003580	KPMG Lausnir ehf.	
4601002320	Logos slf	218
	Davíð Guðmundsson	94
	Björgvin Narfi Ásgeirsson	71
5011043450	KPMG FS ehf.	56
1609574929	Kristinn Hallgrímsson	54
5605012420	PricewaterhouseCoopers-Skatta-	49
5608820419	Kaupþing banki hf.	42
6801692769	KEA (svf)	42
	Vala Valtýsdóttir	36
5002694649	Ker ehf.	35
4807982289	Baugur Group hf.	33
	Ólafur Kristinsson	33
	Guðmundur Sigurðsson	33
5002696779	Síminn hf.	30
6012730129	Stoðir hf.	28
	Guðmundur A Birgisson	28
	Magnús Jónatansson	25
	Jónas Andrés Þór Jónsson	25
4506790389	Byggðastofnun	25
	Sigurður Gísli Pálmason	25
6901911219	Nýsir hf.	24
	Árni Harðarson	23
7012881739	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	21
4912044190	Kontakt ehf.	21
5402912259	Landsbanki Íslands hf.	21
5901694559	Hafrafell ehf.	21
	Ingvar Jónadab Karlsson	20

Heimild: Ríkisskattstjóri og Þjóðskrá.

eru. Nokkrir einstaklingar hafa einnig stofnað fjölda fyrirtækja en þar fara fremstir í flokki einstaklingar sem starfað hafa hjá endurskoðunarfélögum eða sem lögmenn. Þá aðila sem stofnuðu flest fyrirtækin á árunum 2003–2008 má finna í töflu 8. Þessir aðilar stofna allir fyrirtæki fyrir þriðja aðila og áttu í mörgum tilfellum fyrirtækjakennitölur á lager svo hægt væri að grípa til þeirra með litlum fyrirvara sem sést á því að þessir aðilar eru skráðir fyrir kennitölunum í nokkurn tíma þangað til aðrir aðilar taka við bæði eignarhaldi, stjórnarsetu og prókúru.

Stærstu hóparnir í fyrirtækjanetinu

Hversu stórir stærstu hópar tengdra aðila eru fer eftir því hvernig lágmarks-eignarhald er skilgreint og hvort fjárhagslega tengdir aðilar og aðilar sem tengjast stjórnunarlegum böndum eru teknir með. Einnig er mikill munur á fjölda fyrirtækja í hópunum eftir því hvort bankarnir og dótturfélög þeirra eru talin með eður ei. Í því tilviki myndar Exista stærsta hópinn 1. janúar 2008, en á þeim tíma átti Exista rúman 23% eiginlegan hlut í Kaupþingi og falla því öll félög sem Kaupþing á að fullu í hóp Exista. Hér eftir verður þó litið framhjá eignarhaldi á bönkum og dótturfélögum þeirra. Það er gert vegna þess að eitt megininntak rannsóknar þessarar er að kanna þá áhættu sem fólgin var í útlánum til tengdra aðila og þar sem lán milli fjármálastofnana flokkast ekki til sömu áhættu og önnur lán þarf að líta fram hjá þeim við athugun á áhættu í útlánum bankanna þriggja. Nánar er fjallað um tegundir lána í kafla 8.0.


Þegar stærsti hópur tengdra aðila er skoðaður sem fall af lágmarkseignarhaldi (og ekki tekið tillit til fjárhagslega tengdra aðila) sést að stærð hópsins breytist nokkuð með lágmarkseignarhaldi. Stærð hópsins fer úr rúnum 600 kennitölum við 10% lágmarkseignarhald í 400 kennitölur við 50% lágmarkseignarhald. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að ríkissjóður myndar stærsta hópinn en það er vegna þess að allar stofnanir ríkisins, ráðuneyti og sveitarfélög falla undir ríkissjóð. Rúmlega 200 fyrirtæki bætast í hóp ríkissjóðs þegar krafa um lágmarkseignarhald er lækkuð úr 50% í 10%. Félög sem bætast í hópinn eru félög á borð við Gagnaveitu Skagafjarðar, Baðfélag Mývatnssveitar og Fjárfestingafélag Austurlands. Mynd 12 sýnir stærð stærsta hópsins sem fall af lágmarkseignarhlut.

Þegar litið er fram hjá ríkissjóði og öðrum opinberum aðilum eru stærstu hóparnir töluvert minni og fara mest í rúmar 200 kennitölur við 10% lágmarkseignarhald, eins og sjá má á mynd 13. Í lok árs 2007 er það Baugur Group sem myndar stærsta hópinn við allar lágmarksprósentur en árið 2008 myndar Fjárfestingarfélagið Gaumur stærsta hópinn í öllum tilfellum nema við 30% lágmarkseignarhald en þá er hópur Baugs fjölmennastur. Næst á eftir Baugi og Gaumi mynda ýmist Milestone, Exista eða FL Group stærstu hópana, eftir því hvert lágmarkseignarhaldið er. Á mynd 13 sést einnig að töluverður munur er á fjölda fyrirtækja í stærsta hóp milli ára og hefur fyrirtækjunum fækkað nokkuð þegar liðið er á árið 2008.

Rétt er að útskýra nánar af hverju hópar Baugur Group og Fjárfestingarfélagsins Gaums eru ekki sami hópurinn, þó svo að Baugur Group falli í hóp Fjárfestingarfélagsins Gaums og Fjárfestingarfélagið Gaumur sé hluti af félögum í hóp Baugur Group. Þegar Baugur Group er skilgreindur sem aðalaðili fellur Fjárfestingarfélagið Gaumur í hans hóp eins og sjá má á mynd 14, ásamt fjölda annarra félaga. Þegar Fjárfestingarfélagið

Mynd 12


Stærsti hópur tengdra aðila sem fall af lágmarkseignarhaldi með hinu opinbera



Í öllum tilfellum er það ríkissjóður sem myndar stærsta hópinn.
Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 13

Stærsti hópur tengdra aðila sem fall af lágmarkseignarhaldi án hins opinbera



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Gaumur er skilgreint sem aðalaðili fellur Baugur Group í hóp þess, þar sem Fjárfestingarfélagið Gaumur á 38,3% í Baugur Group. Hins vegar eru fyrirtæki sem falla í hóp Baugur Group sem ekki falla í hóp Gaums til dæmis eignarhaldsfélagið Teymi ehf. og dótturfélög þess og Eignarhaldsfélagið ISP ehf. sem fellur í hóp Baugs sem fjárhagslega tengdur aðili. Að sama skapi eru fyrirtæki í hópi Fjárfestingarfélagsins Gaums sem eru ekki í hópi Baugs, til dæmis 101 Chalet ehf. og Gaumur - Fasteignir ehf. Þegar vísað er til stærstu hópanna er því verið að tala um þá aðalaðila sem mynda stærstu hópana, og tveir aðalaðilar geta verið mjög tengdir en myndað að einhverju leyti mismunandi hópa eins og er tilfellið með Baugur Group og Fjárfestingarfélagið Gaum.


Ef fjárhagslega tengdum aðilum er bætt við hópana, stækka hóparnir til muna. Þegar fyrirtæki er með neikvætt eigið fé verður það samkvæmt skilgreiningunni fjárhagslega tengt öllum hlutafjareignum sínum – sem er ekki áhugaverð niðurstaða. Þess vegna eru skoðaðir sérstaklega stærstu hóparnir þegar tekið er tillit bæði til fjárhagslegra og eignarlegra tenginga, en gerð krafa um að aðalaðili verði að hafa að minnsta kosti jákvætt eigið fé sem nemur hálfri milljón króna.

Skýrt er frá hvaða aðalaðilar mynda tuttugu stærstu hópana í töflu 9. Um áramótin 2007/2008 mynda Baugur Group, Fjárfestingarfélagið Gaumur og Exista stærstu hópana, og skera þessir hópar sig úr og eru með 50–90% fleiri aðila en næstu hópar þar á eftir. Nokkrir hópanna í töflu 9 tilheyra stærri hópum í sömu töflu. Þetta á til dæmis við um Teymi sem Baugur Group á stóran hlut í, Skipti sem Exista á og þar með Símann sem Skipti á. Einnig átti Baugur Group yfir 20% í FL Group og teljast því mörg fyrirtæki í hópi

Mynd 14

Stærsti hópur tengdra aðila sem fall af lágmarkseignarhaldi

Fjárhagslega háðir aðilar taldir með



Aðalaðili með að lágmarki 500 þúsund krónur í eigið fé.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Tafla 9. Fjölmennustu hópar fyrirtækja, um áramótin 2007/2008, með fjárhagslega tengdum aðilum og miðað við 20% lágmarks eignarhald


Röð ¹	Aðalaðili	Nafn	Fjöldi
1 (1)	4807982289	Baugur Group hf.	184
2 (2)	5603891409	Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf	158
3 (3)	6106012350	Exista hf.	142
4 (4)	6012730129	FL GROUP hf.	96
5 (5)	6312051780	Icelandair Group hf.	94
6 (7)	6403881109	Milestone ehf.	81
7 (8)	4602070880	Skipti hf.	80
8 (9)	6003902289	Atorka Group hf.	69
9 (10)	5002696779	Símann hf.	69
10 (11)	6102973079	Samherji hf.	68
11 (12)	5711060940	Teymi hf.	64
12 (13)	5402912259	Landsbanki Íslands hf.	63
13 (14)	5608820419	Kaupþing banki hf.	62
14 (15)	5007973399	Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf	61
15 (16)	5111051610	Fjárfestingarfélagið Máttur ehf	60
16 (17)	6906892009	Vátryggingafélag Íslands hf.	59
17–20 (18–20)	4108861629	Bakkavör Group hf.	57
17–20 (18–20)	6702012360	Hið íslenska númeraflutningsfélag	57
17–20 (18–20)	6801695009	Kaupfélag Skagfirðinga (svf)	57
17–20 (-)	4909050730	IG Invest ehf.	57

1. Í sviga er röð hópanna í lok árs 2008.

Heimild: Ríkisskattstjóri og Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 15

Hópur tengdra aðila þegar Baugur Group hf er aðalaðili



Svartir hringir tákna fyrirtæki sem tengjast Baugur Group hf með eigin tengslum, gulir hringir tákna fyrirtæki sem tengjast Baugur Group hf vegna fjárhagslegra tengsla og rauðir hringir tákna eigin tengslum eða milli aðila. Heimild: Ríkisskattstofn, Gfhirn banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

FL Group einnig til hóps Baugur Group. Mynd 15 sýnir hóp Baugur Group á þessum tiltekna tíma. Frá 1. janúar 2008 og fram að falli eru ekki miklar breytingar á því hvaða aðalaðilar mynda stærstu hópana. Undantekningin er Gagn ehf. sem stekkur í 6. sæti síðla árs 2008. Það kemur til vegna þess að 1. janúar 2008 var það skráð með neikvætt eigið fé, en eigið fé Gagns var orðið 14 milljónir króna í árslok 2008. Langflest fyrirtæki í hópi Gagns eru fyrirtæki sem Gagn er fjárhagslega háð.

Þegar skoðaðir eru hópar þar sem einstaklingur er aðalaðili og eiginlegur lágmarkseignarhlutur er 20% myndar Karl Wernersson fjölmennasta hópin bæði um áramótin 2007/2008 og í lok árs 2008. Listi yfir þá einstaklinga sem mynda stærstu hópana í byrjun árs 2008 og undir lok þess árs má finna í töflu 10. Flestir einstaklinganna eru á listanum bæði árin en athygli vekur að Finnur Ingólfsson myndar um áramótin 2007/2008 sjötta stærsta hópin sem samanstendur af 48 lögaðilum, en fellur út af listanum yfir þá tuttugu efstu undir lok ársins 2008, en þá eru einungis 17 fyrirtæki í hópi Finns. Mynd 16 sýnir hópin myndaðan með Karl Emil Wernersson sem aðalaðila um áramótin 2007/2008.

Tafla 10. Fjöldi lögaðilar í stærstu hópunum þegar einstaklingur er aðalaðili, annars vegar 1. janúar 2008 og hins vegar 1. janúar 2009

Nafn	1. janúar 2008		1. janúar 2009	
	Röð	Fjöldi	Röð	Fjöldi
Karl Emil Wernersson	1	83	1	82
Steingrímur Wernersson	2	77	2	75
Jón Ásgeir Jóhannesson	3	75	3	71
Björgólfur Guðmundsson	4	52	6	41
Ólafur Ólafsson	5	49	4–5	47
Finnur Ingólfsson	6	48	–	–
Björgólfur T Björgólfsson	7	47	4–5	47
Magnús Kristinnsson	8	38	7	40
Stefán Páll Þórarinnsson	9	35	9	34
Lóa Skarphéðinsdóttir	10–11	34	13–14	31
Pétur Guðmundsson	10–11	34	10	33
Sigfús Jónsson	12–13	33	11–12	32
Kristbjörg Antonsdóttir	12–13	33	11–12	32
Þorsteinn Már Baldvinsson	14	32	–	–
Kristján V Vilhelmsson	15	30	13–14	31
Jón Þór Hjaltason	16	29	15	30
Kristín Björk Hjaltadóttir	17	28	16–17	29
Ágúst Guðmundsson	18–20	27	–	–
Jón Helgi Guðmundsson	18–20	27	16–17	29
Lýður Guðmundsson	18–20	27	–	–
Sturla Snorrason	–	–	8	36
Þórarinn Arnar Sævarsson	–	–	18	27
Vilhelm Róbert Wessman	–	–	19	26
Benedikt Sveinsson	–	–	20	26


Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Samantekt

Þessi kafli sýnir að í flestum tilvikum tengdust fyrirtæki á Íslandi ekki öðrum fyrirtækjum eða tengdust fáum öðrum fyrirtækjum. Hins vegar myndaði stór hópur fyrirtækja þétttriðid net í gegnum margvisleg eignatengsl, eins og sést á myndum 6 og 7. Viðskiptanet þessara fyrirtækja er oft þétt ofið og hægt er að finna hópa sem innihalda tæplega 200 fyrirtæki. Einnig eru hópar fyrirtækja sem tengjast ákveðnum einstaklingum oft stórir. Í næsta kafla þessarar rannsóknar eru bornir saman hópar fyrirtækja sem myndaðir eru út frá ákveðnum aðalaðilum, annars vegar samkvæmt skilgreiningum bankanna og hins vegar samkvæmt skilgreiningum þessarar rannsóknar.

Mynd 16

Hópur tengdra aðila þegar Karl Wernersson er aðalaðili



Niðurstöður II – Skilgreiningar bankanna og rannsakenda á tengdum aðilum

Eins og fjallað er um ítarlega í kafla 8.0 í skýrslunni var útfærsla á reglum Fjármálaeftirlitsins um tengda aðila oftast í höndum lána- eða áhættunefnda bankanna, og virðast skilgreiningar þeirra ekki alltaf í samræmi við lög og reglur eins og dæmi eru um en við látum okkur nægja að nefna tvö.

„Á fundi áhættunefndar Glitnis þann 25 janúar 2008 var niðurstaðan að lán til Baugur Group til að kaupa Wham væri ekki hluti af áhættu Baugs, þó svo að Baugur eignist við viðskiptin 49.5% hlut í Wham.“¹⁸

„Stoðir Eignarhaldsfélag á 39% hlut í Baugur Group. A+B hlutir eru þó 79,6%. Aðrir eigendur eru Bague SA í eigu Hreins Loftssonar og fleiri aðila sem á 12,9% A hlut, Kevin Stanford með 21,6% A hlut, Don McCarthy með 9% A hlut og Starfsmenn Baugs með 17,3% A hlut. Kevin Standford er einnig eigandi Styrks og Stoda en með minna en 5% eignarhlut í báðum félögum.“

Litið er á Stoð[ir] og Baug sem fjárhagslega ótengd félög. Stoðir er fjárhagslega sterkt, með stóran hlut í Glitni, Tryggingamiðstöðinni, Landic Property, Refresco, Royal Unibrew og Bayrock Group. Eigið fé Stoda var 115 milljarðar króna, eignir félagsins voru bókfærðar á 401 milljarð króna. Tap á árinu var 47 milljarðar króna. Baugur var með eigið fé 103 milljarðar króna, eignir félagsins voru bókfærðar á 293 milljarða króna og hagnaður á árinu var 7 milljarðar króna. Félögin eru bæði fjárhagslega sterk og ekki eru miklar líkur á að annað lendi í greiðsluferfiðleikum lendi hitt í fjárhagserfiðleikum.“¹⁹

Hér síðar berum við saman nokkur dæmi um tengda aðila miðað við útreikninga rannsakenda annars vegar og skilgreiningar bankanna hins vegar. Dæmin voru valin til að gefa yfirlit yfir tengda aðila sem tengdust öllum viðskiptabönkunum og með mismunandi fjölda tengdra aðila. Einnig sýna þessi dæmi a) hversu næmir hópar tengdra aðila geta verið fyrir skilgreiningu á lágmarkseignarhaldi og aðalaðila, b) áhrif þess að skilgreina hjón og fjölskyldu sem eina áhættu, og c) sýna fram á að aðilar sem tengjast stjórnunarlega geta haft mikil áhrif á hópinn.

Upplýsingar um skilgreiningar Landsbanka Íslands eru unnar upp úr sérstöku skjali sem unnið var af Landsbankanum fyrir rannsóknarnefndina og sýnir tengda aðila 30. september 2008.²⁰ Upplýsingar um skilgreiningar Glitnis eru unnar upp úr gögnum um stærstu lántakendur Glitnis, annars vegar skjali um stærstu skuldara á samstæðugrunni og hins vegar skjali um stöðu lánveitinga í september 2008.²¹ Upplýsingar um skilgreiningar Kaupþings eru unnar upp úr skjali um tengingar áhættufjárfestinga, miðað við stöðuna 30. júní 2008.²² Rétt er að hafa í huga að bankarnir tengdu aðeins

18. Minutes, Meeting 643 of the Glitnir Bank Risk Committee Friday, January 25 2008 at 8.00hrs in Skarðsheiði.

19. Samantekt Sparisjóðsbankans yfir fjárhagslega tengda aðila frá 20. júní 2009, sent til og að beiðni Fjármálaeftirlitsins.

20. Útlán til tengdra aðila, skjal unnið af Landsbankanum fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

21. Skjölín Stærstu skuldarar á samstæðugrunni.xls og Samanburður stöðu 07 og 08.xls frá Glitni banka hf.

22. Skjalið Tengingar.xls unnið af Kaupþingi banka hf.

aðila sem þeir voru með útlán til og því er eðlilegt að ekki allir tengdir aðilar komi fram í skilgreiningu bankanna. Í fylgiskjali 3 má sjá skilgreiningar bankanna á fimm hópum tengdra aðila og má sjá að skilgreiningarnar voru mjög mismunandi. Áður en ítarlega er farið í nokkra hópa tengdra aðila eru

Tafla 11. Samanburður á stærð hópa samkvæmt túlkun bankanna og aðferðafræði þessarar rannsóknar

<i>Aðaladili</i>	<i>Nafn</i>	<i>Eigna- og fjárhagslega tengdir</i>	<i>Aðeins eignatengdir</i>	<i>Samkvæmt bönkunum</i>	<i>Mismunur eignatengdra og bankanna</i>
6905061060	AN Holding ehf.	4	4	4	0
6003902289	Atorka Group hf.	69	42	16	26
5603840179	Bergur-Huginn ehf.	5	5	24	-19
	Björgólfur Guðmundsson	52	52	25	27
	Björgólfur T Björgólfsson	47	47	29	18
6905922749	Brautarholt ehf.	1	1	11	-10
6102692229	BYR sparisjóður, höfuðstöðvar	29	29	11	18
6006089910	Crosslet Vale Limited	3	3	1	2
5405922769	Eignarhaldsfélagið AREV ehf.	19	19	5	14
6106012350	Exista hf.	142	70	23	47
4806002150	Eyrir Invest ehf.	10	8	5	3
5603891409	Fjárfestingafélagið Gaumur ehf	158	158	48	110
6012730129	FL GROUP hf.	96	59	14	45
7003943799	Fons hf.	28	28	6	22
6205070910	Gift fjárfestingarfélag ehf.	9	9	3	6
5505003530	Glitnir banki hf.	37	37	4	33
6602881049	Hlutafélagið Eimskipafélag Ísl	46	22	20	2
5108002220	Jakob Valgeir ehf.	10	8	9	-1
2509612009	Jákup á Dul Jacobsen	13	13	18	-5
	Karl Steingrímsson	5	5	3	2
5608820419	Kaupþing banki hf.	62	62	13	49
2907602169	Kevin Gerald Stanford	6	6	3	3
6312911129	Kjalar hf.	47	46	16	30
4505993529	Landic Property hf.	50	20	15	5
5402912259	Landsbanki Íslands hf.	63	63	18	45
	Magnús Jónatansson	18	18	4	14
6403881109	Milestone ehf.	81	80	27	53
4502049270	Mosaic Fashions Finance Limite	5	5	4	1
6409042830	Nordic Partners ehf.	25	25	25	0
6704002390	Norvik hf.	17	17	16	1
3110178888	Property Group A/S	6	6	11	-5
	Robert Tchenguiz	11	11	21	-10
4103061740	Salt Investments ehf.	11	11	10	1
6102973079	Samherji hf.	68	49	24	25
4209871109	Saxhóll ehf.	30	30	12	18
5101069540	Scanbox Entertainment A/S	1	1	7	-6
	Skúli Þorvaldsson	5	5	3	2
6102695089	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	37	37	5	32
6102693389	Sparisjóðurinn í Keflavík	53	18	12	6
6902080400	Stapi fjárfestingarfélag ehf.	1	1	1	0
7010861399	Straumur-Burðarás Fjárfestinga	26	26	9	17
4707080420	Stytta ehf.	3	3	1	2
6304071250	Suðurnesjamenn ehf.	21	4	4	0
6806062500	Sund ehf.	4	4	12	-8
6801081020	Svartháfur ehf.	2	2	1	1
6004942019	Víking ehf.	3	3	3	0

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

skilgreiningar bankanna samkvæmt kafla 8.0 í skýrslunni bornar saman við skilgreiningar byggðar á aðferðafræði þessa kafla.

Samanburður á stærð hópa

Í kafla 8.0 er fjallað um tengda aðila og hópa myndaða út frá skilgreiningu allra bankanna, þ.e.a.s. ef einhver bankanna þriggja tengdi aðila við hóp þá telst sá aðili til hópsins, jafnvel þó hann vantaði í skilgreiningu hinna bankanna. Tafla 11 sýnir dæmi um fjölda aðila í hóp samkvæmt túlkun bankanna á þessum skilgreiningum og ber þær saman við hópa myndaða með aðferðafræði þessa viðauka. Það er fremur gert til samanburðar á aðferð rannsakenda við túlkun bankanna, en að fullyrða að bankarnir hafi túlkað reglurnar rangt. Eins og sjá má er fjöldi aðila í hóp yfirleitt mun hærri samkvæmt aðferðafræði þessa kafla (í 33 tilvikum er hópurnir stærri, í fimm tilvikum eru hóparnir jafn stórir og í átta tilvikum eru þeir minni) jafnvel þó aðeins sé tekið tillit til aðila sem tengjast eignatengslum.

Stærsti munurinn er á skilgreiningum á Milestone, þar sem munurinn er 50 fyrirtæki, og á FL Group þar sem munurinn er 45 fyrirtæki. Á aðilum tengdum Björgólfi Guðmundssyni munar 27 aðilum og á aðilum tengdum Björgólfi T. Björgólfssyni munar 18 aðilum.

Í nokkrum tilvikum gefa skilgreiningar þessa kafla minni hópa eins og áður hefur komið fram. Kemur þar helst tvennt til, annars vegar rangur aðaladili og hins vegar erlend félög sem ekki eru skráð í gögnum ríkisskattstjóra. Bankarnir töldu 24 lögaðila til hóps Bergs-Hugins, en fjöldi fyrirtækja í hópi Bergs-Hugins er fimm samkvæmt þessum viðauka. Bergur-Huginn ehf. er hins vegar hluti af hópi Kjalars sem telur 46 aðila í stað 5 aðila Bergs-Hugins ehf. Jakob og Valgeir ehf. er hluti af hópi mynduðum með Þorbirni hf. sem aðalaðila, en sá hópur telur 27 aðila (í stað 8 þegar Jakob og Valgeir ehf. er skilgreint sem aðalaðili), samanborðið við 9 aðila í hópi Jakobs og Valgeirs samkvæmt bönkunum. Annað dæmi er Property Group A/S. Bankarnir töldu 11 aðila til hóps Property Group A/S, en flest félaganna í lista bankanna eru dótturfélög Property Group sem voru ekki skráð í gagnasafni um eignatengsl íslenskra félaga.

Samson eignarhaldsfélag ehf.

Samkvæmt skilgreiningu Landbanka Ísland frá 30. september 2008 tilheyrði Samson aðilum tengdum Björgólfi Guðmundssyni, eins og sýnt er í töflu 12. Glitnir tengir einnig saman Samson eignarhaldsfélag og Björgólf Guðmundsson, en Björgólfur er ekki hluti af skilgreiningu Kaupþings. Bæði Glitnir og Kaupþing tengja Samson eignarhaldsfélag við Samson Properties ehf., og bæði Landsbankinn og Kaupþing tengja Fjárfestingarfélagið Gretti ehf. við Samson eignarhaldsfélag, en önnur félög eiga bankarnir ekki sameiginleg í sínum skilgreiningum. Það er því greinilegt af þessu dæmi og öðrum sem sjá má í fylgiskjali 3 að bankarnir áttu oft lítið sameiginlegt í skilgreiningum sínum. Einnig skoðuðum við hvort bankarnir innanlands hefðu lánað til þessara félaga (skoðuð var útlánastaða Glitnis og Landsbankans í september 2008 og Kaupþings í júní 2008 þar sem skilgreiningar þeirra um tengda aðila eru frá þessum tíma). Ef við skoðum töfluna sjáum við að til dæmis lánar Landsbankinn til Samson Properties ehf. og Rauðsvíkur ehf., en telur þessi félög ekki til tengdra aðila þó svo að Samson Properties ehf. eigi Rauðsvík að fullu. Glitnir lánar til Ólafsfells ehf. en telur það ekki til aðila tengdum

Samson, en Ólafsfell er að fullu í eigu Björgólfs Guðmundssonar (og því á Samson eignarhaldsfélag ekkert í Ólafsfelli). Fleiri félög í eigu feðganna eru ekki tengd Samson-hópnum, til dæmis AB Capital ehf., Actavis Group hf., Actavis Pharma Holding 2 ehf., Avion Aircraft Trading hf., CCP hf., Danberg ehf. og svo framvegis, en öll þessu félög voru með meira en 100 milljónir í útlán 30. september 2008 frá íslensku bönkunum og eignarhlutur Björgólfanna að minnsta kosti 20%. Tengingar bankanna í þessu dæmi virðast því hafa verið nokkuð handahófskenndar.

Tafla 12. Fyrirtæki tengd Samson eignarhaldsfélagi ehf

Tengdir aðilar	Tengdir aðilar			Útlán frá íslenskum útibúum		
	Glitnir	Lands- banki	Kaup- þing	Glitnir	Lands- banki	Kaup- þing
		Íslands			Íslands	
Samson eignarhaldsfélag ehf	x	x	x	x	x	x
Björgólfur Guðmundsson	x	x		x		
Samson Properties ehf	x		x	x	X ¹	x
Amber International Ltd	x					
Árvakur hf	x			x		
Fjárfestingarfélagið Klaki ehf	x					
Landsprent ehf	x			x		
Vatn og land ehf	x					
West Ham United Football Club plc	x			x		
Fjárfestingarfélagið Grettir eh		x	x		x	
Bell Global Investment Sarl		x				
Forsida Ehf		x				
Grettir eignarhaldsfélag ehf		x			x	
Hansa ehf		x			x	
Ólafsfell ehf		x		X	x	
Rainwood S.A. ²		x				
Empennage Inc			x			
Landsbanki Íslands hf, aðalstöðv			x	X		
Landsbanki Íslands hf. útibú			x			
Rauðsvík ehf			x		X	x
xxx með einkennisnúmer 7010 ³			x			
Heildarfjöldi aðila í hóp	9	9	8	8	6	4

1. Feitltruð blá X eru þau fyrirtæki sem íslensku útibúin lánuðu til en voru ekki skráðir sem tengdir aðilar hjá viðkomandi banka.
2. Eins fannst ekki kennitala á Rainwood S.A., einungis einkennisnúmerið 9000088560, og má því gera ráð fyrir að fyrirtækið hafi verið í viðskiptum við erlend dótturfélög Landsbankans.
3. Félagið xxx var skráð á einkennisnúmerið 7010, sem er útibúsnúmer Kaupþings Banka í Lúxemborg, og má gera ráð fyrir að félagið hafi verið í viðskiptum við bankann þar.

Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.


Þegar skilgreiningar rannsakenda á Samsonhópnum er bornar saman við skilgreiningar bankanna sést að hópur rannsakenda telur fleiri félög og tengir bæði Björgólf Guðmundsson og Björgólf T. Björgólfsson við Samson eignarhaldsfélag ehf. Miðað við 20% lágmarkseignarhlutfall eru 16 aðilar í hópnum. Mynd 17 sýnir þessa aðila og tengingu þeirra innbyrðis. Rauðar nóður tákna einstakling, dökkbláar nóður eru fyrirtæki sem annaðhvort eiga að minnsta kosti 40% í Samson eignarhaldsfélagi ehf. eða fyrirtæki sem Samson eignarhaldsfélag á að minnsta kosti 40% í. Ljósbláar nóður tákna á sama hátt félög sem tengjast Samson eignarhaldsfélagi með að minnsta kosti 20% eignarhaldi og svartar nóður tákna félög sem tengjast með að minnsta

kosti 10%. Að lokum er vert að athuga það að ef Björgólfur Guðmundsson væri skilgreindur sem aðalaðili væru 52 félög í hópnum, og ef Björgólfur T. Björgólfsson væri notaður sem aðalaðili til að mynda hópinn væru 47 aðilar í hópnum eins og fram kom að framan.

Mynd 17

Hópur tengdra aðila þegar Samson eignarhaldsfélag ehf. er aðalaðili

Um áramótið 2007/2008



- Fyrirtæki með 40% eða stærrri eignartengingu
- Fyrirtæki með 20-30% eignartengingu
- Fyrirtæki með 10-20% eignartengingu
- Einstaklingar
- Mörk 40% eignartengsla
- Mörk 20% eignartengsla

Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem annað hvort eiga að minnsta kosti 40% í Samson eignarhaldsfélag ehf. eða fyrirtæki sem Samson eignarhaldsfélag á að minnsta kosti 40% í. Ljósbláir nóður tákna í sama hátt félög sem tengist Samson eignarhaldsfélagi með að minnsta kosti 20% eignarhaldi og svartar nóður tákna félög sem tengjast með að minnsta kosti 10% eignarhaldi. Övur í milli hringja tákna bein eignatengi. Heimild: Ríkisskattstjórn, Cillmir banki hf., Kaupping-banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Fyrirtæki tengd Ólafi Ólafssyni

Í bönkunum var mismunandi hvort fyrirtæki Ólafs Ólafssonar voru kennd við Ker eða Kjarar. Eins og sjá má á myndum 18 og 19 breytast hópar tengdra aðila töluvert eftir því hvort Ker eða Kjarar er skilgreindur sem aðalaðili. Þegar Ker er aðalaðilinn virðast eignatengslin nokkuð einföld. Ólafur Ólafsson á að mestu leyti Kjarar sem á hlut í Ker og svo framvegis. Fjöldi aðila í hópi Kers er 18 (miðað við 20% lágmarkseignarhlutfall), samanborið við sjö aðila samkvæmt skilgreiningu Glitnis og 13 aðila samkvæmt skilgreiningu Kaupþings, eins og sjá má í töflu 13 (Landsbankinn virðist ekki hafa verið með útlán til helstu aðila tengdum Ólafi Ólafssyni). Ekki verður mikil breyting samkvæmt gögnum á aðilum tengdum Keri frá áramótunum 2007/2008 fram að falli. Eldsneytisafgreiðslan á Keflavík og Bifreiðastöð Íslands eru ekki tengdir við fall en að öðru leyti eru tengdir aðilar hinir sömu.

Tafla 13. Aðilar tengdir Ólafi Ólafssyni samkvæmt skilgreiningu Glitnis og Kaupþings

<i>Ker ehf. - tengdir aðilar</i>	<i>Glitnir</i>	<i>Kaupþing (aðilar tengdir Kjarar)</i>
Jónar Transport hf	x	x
Kjarar hf	x	x
Samskip hf	x	x
Bakkavogur ehf	x	
Egla hf	x	
Ker ehf	x	
Kjarar Invest B.V.	x	
Fordace Limited		x
Hanna Olafsdóttir		x
ICELAND SEAFOOD Internat ehf		x
Kimono		x
Marine Choice Limited		x
Ólafur Ólafsson		x
Sable Air ApS		x
Samskip Holding B.V.		x
Sigurdsson & Ólafsson		x

Heimild: Glitnir banki hf. og Kaupþing banki hf.

Þegar Kjarar er aðalaðilinn breytist hópurinn töluvert. Inn koma fjárhagslega tengdir aðilar og eignatengslin verða flóknari, eins og sjá má á mynd 19. Oranje ehf. tengist Kjarari sem fjárhagslega tengdur aðili, þ.e.a.s. hlutur Oranje ehf. í Kjarari er það stór að ef Kjarar verður gjaldþrota, lendir Oranje ehf. í greiðsluferðileikum. Við sjáum einnig að Kaupþing banki hf. tilheyrir tengdum aðilum. Eiginlegur hlutur Kjarars í Kaupþingi banka voru rúm 10% þannig að ef Kaupþing banki yrði gjaldþrota myndi Kjarar lenda í greiðsluferðileikum. Þetta dæmi sýnir skýrt hversu mikil áhrif skilgreining aðalaðila hefur á hóp tengdra aðila.


Tengdir aðilar skilgreindir út frá Ólafi Ólafssyni

Þegar Ólafur Ólafsson er skilgreindur sem aðalaðili er hópur tengdra aðila svipaður því þegar Kjarar er skilgreindur sem aðalaðili, eins og sjá má á mynd 20. Við hópinn bætast þau félög sem Ólafur Ólafsson á sjálfur hlut í en ekki í gegnum Kjarar, en það eru félögin Miðhraun ehf. og Harlow Equities S.A., sem aftur á Partridge Management Group S.A. Að auki tengist Ólfur Kimi ehf. minningarfélagi.

Mynd 18

Hópur tengdra aðila þegar Ker ehf. er aðlaðili

Um áramótin 2007/2008




Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem annað hvort eiga að minnsta kosti 40% í Ker ehf. eða fyrirtæki sem Ker ehf. á að minnsta kosti 40%. Í Grænir hringir tákna á sama hátt félag sem Ker ehf. tengist með að minnsta kosti 30% eignarhaldi. Hóspbláir hringir tákna að minnsta kosti 20% eignarhaldi og svartir hringir tákna félag sem tengjast með að minnsta kosti 10% eignarhaldi. Övar á milli hringja tákna bein eignatengi. Hæmildir: Ríkisskattstjórn, Giltinnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 21

Hópur tengdra aðila út frá Ólafí Ólafssyni og tveimur viðskiptafélögum

Um áramótin 2007/2008



Rauðir hringir tákna einstakling, bláir hringir tákna á sama hátt félög sem þrjú hringir tákna á minnst 40% í. Grænir hringir tákna á minnst 30% hlut í. Bláir hringir tákna á minnst 20% hlut og svartir hringir tákna félög sem Ólafur Ólafsson og viðskiptafélagar eiga að minnsta kosti 10% hlut í. Óvart á milli hringja tákna þeir eignatengsl. Dótturfélög Kaupþings banka, sem og þeir eignatengingar Kaupþings við önnur félög eru ekki sýnd, að auk er hverfiandi hlutur HB Granda í Kaupþingi banka (<0,00005%) ekki sýndur.

Heimild: Ríkiskattstjórn, Gilnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.


Tafla 14. Fjöldi tengdra aðila í hópum eftir lágmarks eignarhaldi og skilgreiningu aðalaðila (Ólafur Ólafsson)

Lágmarks eignarhlutur [%]	31.12.2007				31.12.2008			
	Ker ehf	Kjalar hf	Ólafur Ólafsson	Ólafur Ólafsson og viðskiptafélagar	Ker ehf	Kjalar hf	Ólafur Ólafsson	Ólafur Ólafsson og viðskiptafélagar
10	25	59	60	74	23	58	58	72
20	18	47	49	60	16	45	47	58
30	15	42	43	47	14	41	42	46
40	12	32	31	36	12	32	31	36

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 22

Fjöldi fyrirtækja í hópum mynduðum út frá Kerri, Kjalar, Ólafi Ólafssyni og viðskiptafélögum



1. janúar 2008.
Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Ólafur Ólafsson tengist tveimur aðilum stjórnunartengslum, Hjörleifi Þór Jakobssyni og Ásbirni Gíslasyni. Ásbjörn er meðal annars forstjóri Samskipa hf. og stjórnarmaður í Kjalar og Eglu hf. og varamaður í stjórn Kers. Hjörleifur er meðal annars stjórnarformaður Samskipa hf., framkvæmdastjóri Kjalars og Eglu ehf. Öll eru þessu fyrirtæki í meirihlutaeigu Ólafs Ólafssonar. Ef þessir þrír aðilar eru tengdir saman sem ein áhætta stækkar hópurinn sem er tengdur Ólafi Ólafssyni, eins og sjá má á mynd 21 annars vegar og í töflu 14 hins vegar þar sem fjöldi lögaðila í hópnum þegar Ólafur Ólafsson er aðalaðili er borinn saman við fjölda tengdra aðila þegar Ker og Kjalar eru aðalaðili. Þegar Ólafur Ólafsson er skilgreindur sem aðalaðili er Kaupþing banki ekki hluti af hans hópi, en Kaupþing banki er hluti af hópnum þegar Ólafur, Ásbjörn og Hjörleifur eru tengdir saman.

Baugur Group hf.


Fjöldi aðila í hópi Baugur Group gerir það að verkum að net tengdra aðila er flókið, eins og sjá má á mynd 23. Þrír einstaklingar eru á myndinni, Jóhannes Jónsson og Ása K. Ásgeirsdóttir, sem tengjast Baugi þegar lágmarkseignarhlutfall er 10%, og Jón Ásgeir Jóhannesson sem tengist Baugi fyrir allt lágmarkseignarhald sem sýnt er á myndinni (10–40%). Tveir fjárhagslega háðir aðilar tengjast Baugi, annars vegar Eignarhaldsfélagið ISP ehf. í eigu Ingibjargar Stefaniú Pálmadóttur og BGE Eignarhaldsfélag ehf. hins vegar að mestu í eigu Skarphéðins Bergs Steinarssonar, Gunnar Snævars Sigurðssonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Stefáns Hilmarssonar. Fyrirtæki á borð við Bónus, Hagkaup og 10-11 eru ekki á myndinni, þar sem þessar verslunarkeðjur voru reknar sem deildir innan Haga (dótturfélags Baugur Group) en ekki sem sérstök fyrirtæki.

Aðilar tengdir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

Ef Jón Ásgeir Jóhannesson er skilgreindur sem aðalaðili, er hópur tengdra aðila mjög svipaður aðilum tengdum Baugi þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson var aðaleigandi Baugs. Ef hins vegar Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg S. Pálmadóttir eru skilgreind sem ein áhætta stækkar hópur tengdra aðila töluvert og hið sama gerist þegar Jón Ásgeir Jóhannesson, Ingibjörg S. Pálmadóttir og nánasta fjölskylda Jóns eru skilgreind sem ein áhætta. Myndir 24, 25 og 26 sýna þetta. Mynd 27 og tafla 15 sýna fjölda tengdra aðila að einstaklingunum meðtöldum þegar Jón Ásgeir er einn aðalaðili, þegar Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg S. Pálmadóttir eru saman skilgreind sem aðalaðili og þegar Jón Ásgeir Jóhannesson, Ingibjörg S. Pálmadóttir og nánasta fjölskylda hans eru skilgreind sem aðalaðilinn, borið saman við fjölda

Hópur tengdra aðila begar Baugur Group hf. er aðaláhlí

Um áramótin 2007/2008




Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem annað hvort eiga að minnsta kosti 40% í Baugur Group hf. eða fyrirtæki sem Baugur Group hf. tengist með að minnsta kosti 30% eignahaldi, ljósblair hringir tákna að minnsta kosti 20% eignahaldi og svartir hringir tákna föllög sem tengjast með að minnsta kosti 10% eignahaldi. Gulir hringir tákna fjárhagslega tengda aðila. Örvir á milli hringja tákna bein eignatengsl. Dótturfölg og dótturverkir Clitrus v/ð önnur föllög eru ekki sýnd. Heimild: Ríkisskattstjófn, Clitrus banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 24

Hópur tengdra aðila þegar
 Jón Ásgeir Jóhannesson er aðilaðili


Um áramótin 2007/2008



Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem Jón Ásgeir á að minnsta kosti 40% í. Grænir hringir tákna á sama hátt félög sem Jón Ásgeir á að minnsta kosti 20% hlut og svarir hringir tákna félög sem Jón Ásgeir á að minnsta kosti 10% hlut. Óvax á milli hringir tákna bein eignatengi.
 Heimild: Ríkisskattstjórn, Giltnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 25

Hópur tengdra aðila út frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Pálmadóttur




Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem Jón og Ingibjörg eiga að minnsta kosti 40%. Grænir hringir tákna á sama hátt félög sem þau eiga að minnsta kosti 30% hlut í. ljósbláir hringir tákna að minnsta kosti 20% eignahlut og svartir hringir tákna félög sem Jón Ásgeir og Ingibjörg eiga að minnsta kosti 10% hlut í. Orvar á milli hringja tákna bein eignatengsl.
Heimild: Ríkisskattsjófi, Gilnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mýnd 26

Hópur tengdra aðila út frá Jóni Ásgeiri
Jóhannessyni og fjölskyldu

Þeim Ingibjörg S. Pálmadóttur, Jóhannes Jónssyni, Ásu
K. Ásgeirsdóttur og Kristínu Jóhannessdóttur, um
áramófin 2007/2008



Rauðir hringir tákna einstaklinga, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem jón og fjölskylda eiga að minnsta kosti 40%. í Græni hringir tákna á sama hlut að minnsta kosti 30% hlut í. ljósbílir hringir tákna að minnsta kosti 20% eignarhlut og svarir hringir tákna fjölg sem Jón Ásgeiri og fjölskylda eiga að minnsta kosti 10% hlut í. Orvar á milli hringja tákna þeim eignatengsl. Dótturfélag Ciltnis Banka, sem og þónar eignatengingrar Ciltnis wib önnur félag eru ekki sýnd.

Hermild: Ríkisskattstjórn, Ciltnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Tafla 15. Fjöldi tengdra aðila í hópum eftir lágmarks eignarhaldi og skilgreiningu aðalaðila (Baugur Group hf)

Lágmarks eignarhlutur [%]	31.12.2007				31.12.2008			
	Baugur Group hf	Jón Ásgeir	Jón Ásgeir og Ingibjörg	Jón Ásgeir, Ingibjörg og fjölskylda	Baugur Group hf	Jón Ásgeir	Jón Ásgeir og Ingibjörg	Jón Ásgeir, Ingibjörg og fjölskylda
10	211	152	185	211	168	129	168	189
20	184	75	95	185	138	71	90	168
30	150	45	68	127	125	55	63	101
40	105	5	11	93	76	15	21	81


Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

lögaðila í hópi Baugur Group. Sem dæmi eru 184 aðilar í hópi Baugur Group um áramótin 2007/2008 þegar miðað er við 20% lágmarkseignarhald. Ef Jón Ásgeir er skilgreindur sem aðalaðili þá eru einungis 75 lögaðilar í hópnum, aðilunum fjölgar í 95 ef Jón Ásgeir og Ingibjörg eru skilgreind sem ein áhætta og ef öll nánasta fjölskylda Jóns er skilgreind sem ein áhætta fjölgar lögaðilunum í 185. Fjöldi aðila í hópum er einnig mjög næmur fyrir því hvert lágmarkseignarhaldið er. Í hópi Jóns og fjölskyldu hans eru 93 aðilar ef miðað er við 40% lágmarkseignarhald, en þeir eru 211 ef miðað er við 10% lágmarkseignarhald. Af þessu dæmi er ljóst að hópar tengdra aðila eru mjög háðir skilgreiningum á fjölskyldutengslum og lágmarks eignarhaldi.

Hópur fyrirtækja tengd Jóni Ásgeiri er dæmi um hvernig skilgreiningar rannsakenda á tengdum aðilum voru ólíkar skilgreiningum bankanna. Hópur Baugur Group var með 8–19 tengda aðila í skilgreiningum bankanna (sjá nánar í fylgiskjali 3) miðað við hátt á annað hundrað eftir skilgreiningum þessarar rannsóknar. Tafla 15 sýnir dæmi um aðila sem bankarnir skilgreindu sem tengda Baugi. Þar má sjá að Landic Property ehf., sem Baugur Group á yfir 30% hlut í, er hvorki skilgreint sem hluti af hópi Baugs í Landsbankanum né Kaupþingi, þó svo að báðir þessir bankar hafi lánað til Landic Property

Mynd 27

Fjöldi fyrirtækja í hópum mynduðum út frá Baugur Group hf, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og fjölskyldu



1. janúar 2008.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Tafla 16. Dæmi um fyrirtæki sem falla í Baugur Group hf hópinn samkvæmt skilgreiningu bankanna

	Tengdir aðilar			Útlán frá íslenskum útibúum		
	Glitnir	Landsbanki Íslands	Kaupþing	Glitnir	Landsbanki Íslands	Kaupþing
Baugur Group hf	x	x	x	x	x	x
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf	x	x	x	x	x	x
Hagar hf	x	x	x	x	x	x
Hagkaup	x	x				
Styrkur Invest ehf	x	x				
Landic Property hf	x			x	X ¹	X
Pönnu Pizzur ehf	x					
Þyrping hf	x			x	X	X
Eignarhaldsfélagið ISP ehf		x	x			
Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir		x	x			
Jón Ásgeir Jóhannesson		x	x	X	x	

1. Feitletruð blá X sýna útlán bankanna til fyrirtækja sem ekki töldust tilheyra aðilum tengdum Baugur Group í viðkomandi banka samkvæmt skilgreiningu

Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

ehf. Það er því óhætt að segja að bankarnir hafi vanáætlað útlánaáhættu sína til aðila tengdum Baugur Group.

Greint er frá öllum fyrirtækjum sem falla í hóp Baugur Group samkvæmt skilgreiningu bankanna í fylgiskjali 3 við þennan kafla. Feitletruð blá „X“ í töflu 16 sýna útlán bankanna til fyrirtækja sem ekki töldust tilheyra aðilum tengdum Baugur Group í viðkomandi banka samkvæmt skilgreiningu.

Exista hf.

Mynd 28 sýnir hóp myndaðan í kringum Exista. Exista tengist stórum félögum á borð við Skipti hf. (eignarhaldsfélag Símans og fleiri félaga), Bakkavör Group og dótturfélögum þeirra, Vátryggingafélagi Íslands og Kaupþing banka. Exista á 23,5% prósent í Kaupþing banka. Myndin sýnir ekki fjárhagslega háða aðila sem falla í hóp Exista, en þeir voru 124 við áramótin 2007/2008, þar af voru einungis 47 með meira en 500 þúsund í eigið fé og 64 voru með neikvætt eigið fé og því tæknilega gjaldþrota. Tveir einstaklingar falla í Exista-hópinn, þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, en þeir eiga 22,75% prósent hlut hvor í Exista í gegnum félag sitt Bakkabræður hf., sem á að fullu Bakkabræður Holding B.V. sem á 45,5% hlut í Exista. Dótturfélag Kaupþings sem og eignir bankans eru ekki sýndar á mynd 28, en þess má geta að á þessum tímapunkti átti Kaupþing banki yfir 27% hlut í Skiptum ehf.

Milestone ehf.

Mynd 29 sýnir hóp myndaðan í kringum Milestone um áramótin 2007/2008. Milestone tengjast tveir einstaklingar, Karl Emil Wernersson sem á 49 % eiginlegan hlut í Milestone og Steingrímur Wernersson sem á tæpan 48% eiginlegan hlut. Eignarhlutir þeirra eru bæði í eigin nafni og í gegnum eignarhaldsfélagið Leiftra Ltd. sem alfarið í eigu þeirra bræðra. Milestone á svo hlut í fjölda annarra fyrirtækja svo sem Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Attur ehf., Þætti eignarhaldsfélagi ehf., Foldungur ehf., Driver ehf., Milestone Import Export Ltd., Askar China ehf., Rákungur ehf., auk smærri hlutar í öðrum fyrirtækjum. Inn í Milestone-hópinn falla einnig SJ1 ehf., sem á hluti í SJ2 ehf., sem myndar flókin eignatengsl með Þætti International ehf., Fjárfestingafélaginu Mætti ehf., Skeggja ehf., Kar ehf. og BNT hf. Aðeins eitt félag er fjárhagslega tengt Milestone um áramótin 2007/2008, en það er félagið Sáttur ehf. sem á bæði hlut í Milestone og Skeggja ehf.

Niðurstöður III – Útlán til tengdra aðila

Í þessum kafla eru skoðuð heildarútlán til tengdra aðila, þar sem heildarútlán er samheiti yfir útlán og framvirka samninga. Heildarútlánin eru skoðuð sem hlutfall af eiginfjárgrunni bankanna²³, þ.e.a.s. útlánahlutfallið er reiknað sem

$$\text{Útlánahlutfall} = (\text{heildarútlán til hóps tengdra aðila}) / \text{eiginfjárgrunnur}$$


Bæði útlánin og eiginfjárgrunnarnir miðast við 31. desember 2007. Skoðuð eru heildarútlán frá móðurbönkum stóru bankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, og útibúum þeirra en lán frá dótturfélögum eru

23. Eiginfjárgrunnur samanstendur af eiginfjárliðum úr efnahagsreikningi að viðbættum víkjandi lánnum sem uppfylla ákveðin skilyrði. Nánar er fjallað um eiginfjárgrunn í kafla 9.4 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Mynd 29

Hópur tengdra aðila þegar
Milestone ehf. er aðaladili

Um áramótin 2007/2008



Rauðir hringir tákna einstakling, dökkbláir hringir eru fyrirtæki sem á milli 40% í Milestone ehf. eða fyrirtæki sem Milestone ehf. tengist með að minnsta kosti 30% eignarhaldi, ljósbláir hringir tákna að minnsta kosti 20% eignarhald og svartir hringir tákna félög sem tengjast með að minnsta kosti 10% eignarhaldi. Gulur hringir tákna fjárhagslega tengda aðila. Örvir á milli hringja tákna bein eignatengsl.

Hernildir: Ríkisskattstjórn, Gilttir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

ekki talin með þar sem gögn um þau útlán bárust rannsóknarnefndinni ekki í heildstæðu formi heldur aðeins staða í einstökum mánuði frá Kaupþingi og Landsbankanum í Lúxemborg. Upplýsingar um eiginfjárgrunna bankanna koma úr árshlutauppgjörum bankanna²⁴ og miðast grunnarnir því við bankasamstæðurnar, þ.e.a.s. bæði móðurfélagið, útibú þess og dótturfélög. Reiknað útlánahlutfall til tiltekins hóps er því reiknað sem

$$\text{Útlánahlutfall} = (\text{heildarútlán til hóps tengdra aðila frá móðurfélagi og útibú- um}) / (\text{eiginfjárgrunnur samstæðunnar})$$

Þar sem eiginfjárgrunnarnir sem eru lagðir til grundvallar eru fyrir samstæður bankanna en útlán og framvirkir samningar aðeins frá móðurbankanum (auk þess sem ábyrgðir sem teljast til útlánaáættu eru ekki teknar með) gefa útreikningar útlánahlutfalla hagstæða mynd af hlutfallinu þar sem lán og aðrar áhættuskuldbindingar í dótturfélögum bankanna ættu að leggjast við heildarútlánin. Ef útlán til tengdra aðila fara yfir 10% af eiginfjárgrunni banka teljast þau stór áhættuskuldbinding.²⁵

Hér á eftir verður farið yfir heildarútlán til þeirra viðskiptahópa sem fjallað var um í niðurstöðum II. Heildarútlán eru skoðuð með tilliti til lágmarkseignarhalds, til að sýna fram á hvernig skilgreining hópanna hefur áhrif á mat á stærð útlánaáættu innan bankanna.

Heildarútlán til tengdra aðila út frá fyrirtækjum

Hér verða skoðuð heildarútlán bankanna þriggja til fimm viðskiptahópa. Ljóst er að hægt væri að taka mun fleiri dæmi en telja má að útlán til þessara hópa gefi hugmynd um útlánaáættu tengdra aðila innan bankanna.


Baugur Group hf.

Þegar heildarútlán bankanna þriggja til Baugur Group og tengdra félaga er skoðuð sést að þau sköpuðu umtalsverða áhættu í öllum bönkunum. Jafnvel þótt lágmarkseignarhald sé skilgreint sem 50% (sem er allt of þröng skilgreining að mati rannsakenda) eru útlán til Baugs og tengdra félaga yfir 10% af eiginfjárgrunni allra bankanna. Með lækandi lágmarkseignarhaldi fjölgar í hópnum og útlánin til hópsins aukast. Við 40% lágmarkseignarhald eru allir bankarnir með heildarútlán yfir 30% af eiginfjárgrunni sínum og er ljóst að Baugur Group og tengd félög mynduðu svo stóra áhættu hjá öllum bönkunum að enginn þeirra gat hætt á að Baugur og fyrirtæki honum tengd færu í þrot. Þegar lágmarkseignarhaldið er skilgreint sem 20%, eru útlánin frá Glitni og Landsbanka á milli 60 og 70% af eiginfjárgrunni þeirra. Það má því segja að útlánaskuldbindingar Baugs hafi verið orðnar of stórar fyrir allt íslenska bankakerfið og má því leiða að því líkur að Baugur Group og tengd félög hafi haft tangarhald á þessum bönkum.

Mynd 30 sýnir útlánahlutfall bankanna þriggja til fyrirtækja tengd Baugur Group sem fall af lágmarkseignarhaldi. Þegar mynd 34 er skoðuð sést að í kringum 37% lágmarkseignarhlut er stökk í útlánnum Glitnis og Landsbankans til hópsins sem skýrist af því að Baugur Group átti 37% í Stoðum, sem áður hétu FL Group, en það félag var með stór lán frá bæði Glitni og Landsbanka.

Mynd 30

Hlutfall heildarútlána Baugur Group og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008




Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitni banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

24. Sjá nánar í kafla 8.7 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

25. Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007, <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=db67403d-8641-4037-86cf-aa77f2b52f0e>.

Mynd 31


Hlutfall heildarútlána Milestone og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 32


Hlutfall heildarútlána Exista og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 33

Hlutfall heildarútlána Kers og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Hvorki Glitnir né Landsbankinn flokkuðu Stoðir/FL Group með Baugur Group sem eina áhættu jafnvel þótt Baugur ætti svo stóran hlut í Stoðum. Við 33% lágmarkseignarhald kemur annað stökk í útlánunum frá öllum bönkunum, þó mest hjá Glitni og Landsbanka, en það skýrist af því að Landic Properties kemur inn í hópinn.

Milestone ehf.

Hópur tengdra aðila þegar Milestone er skilgreint sem aðalaðili telst aðeins til stórra áhættuskuldbindinga hjá Glitni banka, þar sem heildarlán til hans eru yfir 10% af eiginfjárgrunni. Þegar mynd 31 er skoðuð sést mikil aukning í heildarútlánunum þegar lágmarkseignarhlutir eru í kringum 15%. Þetta skýrist af eignarhaldi Milestone í N1 og BNT, en við það að þau fyrirtæki bætast í hópinn fara heildarútlán Glitnis yfir 25% af eiginfjárgrunni. Aukningin í kringum 12% hjá Landsbankanum skýrist af eignarhaldi í Teymi hf.

Þess má geta að Milestone átti yfir 5% eiginlegan eignarhlut í Glitni banka í gegnum Þátt International, sem er eignarhaldsfélag sem Milestone á að rúmunum þremur fjórðu hlutum í gegnum hin ýmsu félög.

Exista hf.

Eignarhaldsfélagið Exista myndar stóra áhættu í öllum bönkunum þremur í árslok 2007, jafnvel þó að hóparnir séu skoðaðir út frá háu lágmarkseignarhaldi, eins og sjá má á mynd 38. Um leið og krafa um lágmarkseignarhald fer niður fyrir 40% eru heildarútlán Glitnis og Kaupþings komin yfir 25% af eiginfjárgrunni þeirra og stækkar hópurnir ekki með tilliti til útlánaáhættu þótt krafa um lágmarkseignarhald sé lækkuð í 20%. Exista-hópurinn myndar því mjög stóra áhættu hjá Glitni og Kaupþingi og voru þeir bankar því talsvert undir því komnir að Exista og tengd félög gætu staðið í skilum.

Í árslok 2007 átti Exista 23% hlut í Kaupþing banka í gegnum dótturfélag sitt Exista B.V. sem skráð var í Hollandi. Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum teljast virkir eignarhlutir ef þeir fara yfir 10% og þurfa fjárfestar samþykki Fjármálaeftirlitsins til að eignast svo stóra hluti og við aukningu eignarhlutar í 20, 25, 33 eða 50%. Exista var því ekki aðeins virkur hluthafi í Kaupþing banka, heldur átti það stóran hlut að Kaupþing banki taldist til hlutdeildarfélags²⁶ Exista. Á sama tíma mynduðu Exista og tengd félög mjög stóra áhættu sem lánþegar.

Við 45% lágmarkseignarhald bætast Bakkabræður Holding B.V. í hópinn sem skýrir stökk í útlánunum frá Kaupþingi og við 43% eignarhald bætast Síminn og dótturfélög hans í hópinn sem skýrir útlánaaukningu hjá Glitni og Kaupþingi. Aðrar skarpar breytingar í útlánunum hópsins skýrast af því að þegar eignarhlutfallið fer í 39% bætast Bakkavararfyrirtækin við, en þau voru bæði með lán frá Glitni og Kaupþingi, Lyfja bætist við í 35% og Húseignarfélagið Sigtún 38 ehf. í 20%.

Ker ehf. og Kjalari hf.

Þar sem bankarnir skilgreindu tengda aðila ýmist út frá Keri eða Kjalari eru hópur tengdra aðila þessara tveggja félaga skoðaðir.

Útlán til hópsins þegar Ker er skilgreint sem aðalaðili töldust ekki til stórra áhættuskuldbindinga hjá neinum bankanna í lok árs 2007 en hópurnir

26. 4. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html>.

er þó nærri því hjá Kaupþingi. Eins og sést á mynd 33 er hlutfall heildarlána til Kers-hópsins ekki næmt fyrir skilgreiningu á lágmarkseignarhaldi og skýrast útlánin að mestu af lánnum til Kjalars. Kjalari á beint tæp 92% í Keri og nær 98% þegar einnig er tekið tillit til óbeins eignarhalds. Það er því nær að líta á hópinn út frá Kjalari sem áhættuhóp því þar sem Kjalari á nær allt hlutfé í Keri er Ker hluti af hópi aðila tengdum Kjalari.

Hópar aðila tengdum Kjalari töldust til stórra áhættuskuldbindinga hjá Glitni og Kaupþingi, þ.e. heildarútlánin frá hvorum banka eru yfir 10% af eiginfjárgrunni þeirra. Kjalari og tengdir aðilar eru hins vegar ekki stórir skuldarar hjá Landsbankanum um áramótin 2007/2008. Við lágmarkseignarhlut 35% hækka útlánin töluvert hjá Glitni og Landsbanka, eins og sjá má á mynd 34, sem skýrist af því að HB Grandi kemur inn í hópinn. Munurinn mill Kers og Kjalars sýnir hversu mikilvægt það er að velja réttan aðalaðila þegar horft er á hóp tengdra aðila með þessari aðferðafræði.

Samson eignarhaldsfélag ehf.

Útlán til hópa tengdra aðila þegar Samson eignarhaldsfélag er aðalaðili, eru ekki næm fyrir skilgreiningu á lágmarkseignarhlut hjá Kaupþingi og Glitni banka. Samson telst til stórra áhættuskuldbindinga hjá Glitni í lok árs 2007 en lánin eru nær eingöngu til Samson eignarhaldsfélags sjálfs. Landsbankinn er ekki með nein útlán til hópsins ef lágmarkseignarhlutur er skilgreindur yfir 26%, en ef lágmarkseignarhluturinn er minni kemur Fjárfestingarfélagið Grettir ehf. inn í hópinn og Grettir ehf. var með há lán hjá Landsbankanum. Samson á 25,6% hlut í Grettir ehf. í gegnum Ópera Fjárfestingar ehf., sem Samson á að fullu. Fjárfestingarfélagið Grettir ehf. er eina félagið, í hópi tengdra aðila þegar lágmarkseignarhlutur er skilgreindur yfir 10%, sem er með lán frá Landsbankanum. Útlán Landsbankans til Grettis eru á mörkum þess að mynda stóra áhættuskuldbindingu, eru 9,4% af eiginfjárgrunni, eins og sjá má á mynd 35.

Heildarútlán til hópa þegar einstaklingar eru aðalaðilar


Jón Ásgeir Jóhannesson og fjölskylda

Hópar sem eru myndaðir út frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni teljast til stórra áhættuskuldbindinga þegar skilgreining á lágmarkseignarhlut fer niður í 30%. Þá teljast hann og félög honum tengd til stórra áhættuskuldbindinga hjá öllum bönkunum þremur, þ.e.a.s. útlán þeirra til félaganna voru yfir 10% af eiginfjárgrunni hvers banka fyrir sig. Þó svo að Jón Ásgeir sé stærsti einstaklingshluthafi Baugur Group mynda félög honum tengd ekki nærri eins stóra áhættu og hópur myndaður út frá Baugur Group sem fjallað var um að framan, þar sem færri dótturfélög Baugur Group falla í hóp Jóns Ásgeirs (við sama lágmarkseignarhald). Undantekning frá því er þegar lágmarkseignarhald er mjög lágt, þá skapar hópur aðila tengdum Jóni Ásgeiri álíka áhættu og Baugur Group-hópurinn. Þrátt fyrir minni hóp tengdra aðila, myndar hópur Jóns Ásgeirs engu að síður verulega stóra áhættu gagnvart öllum bönkunum þegar lágmarkseignarhald er skilgreint sem 20% og þá sérstaklega hjá Glitni og Landsbanka (mynd 36).

Þegar lagt er saman eignarhald Jóns Ásgeirs og Ingibjargar S. Pálmadóttur í fyrirtækjunum og hóps tengdra aðila, sem er myndaður út frá þeim hjónum, eykst útlánahlutfallið. Hópurinn myndar stóra áhættu við 35% lágmarkseignarhald (en hópur tengdur Jóni Ásgeiri einum myndaði á hinn bóginn stóra

Mynd 34


Hlutfall heildarútlána Kjalars og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitni banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 35


Hlutfall heildarútlána Samson eignarhaldsfélags og tengdra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitni banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 36


Hlutfall heildarútlána Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og aðila tengdum honum, sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 37


Hlutfall heildarútlána Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Ingibjargar Pálmadóttur og aðila tengdum þeim, sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 38

Hlutfall heildarútlána Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, fjölskyldu hans og aðila tengdum þeim, sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut við áramótin 2007/2008



Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

áhættu við 30%). Þetta skýrist af tvennu. Annars vegar af því að sameiginlega eiga þau stærri hlut í Baugur Group og því eykst eignarhald þeirra í Baugi og dóttur- og hlutdeildarfélögum samkvæmt því. Hins vegar vegna fjárfestingarfélags Ingibjargar, Eignarhaldsfélagsins ISP ehf., sem var alfarið í eigu hennar (mynd 37).

Að lokum skilgreinum við fjölskyldu Jóns Ásgeirs sem tengda aðila, þ.e. Jón Ásgeir, Ingibjörgu eiginkonu hans, Jóhannes föður hans, Ásu móður hans og Kristínu systur hans. Þegar eignarhlutar þeirra allra eru lagðir saman teljast þau stór áhætta hjá öllum bönkunum jafnvel þótt gerð væri krafa um 50% eignarhald til að mynda áhættuhóp eins og sjá má á mynd 38.

Það er því ljóst að Jón Ásgeir var stór viðskiptavinur hjá öllum bönkunum sem og fjölskylda hans öll. Fjölskyldan í heild myndar svo stóra áhættu hjá bankakerfinu að fullyrða má að enginn bankanna hafi haft efni á að gjaldfella lán á aðila tengdum þeim, vegna hugsanlegra keðjuverkandi áhrifa. Þess má geta að fjölskyldan átti samanlagt yfir 10% í Glitni banka sem telst virkur eignarhlutur og krefst samþykkis Fjármálaeftirlitsins ef litið væri á þau sem aðila í samstarfi. Eignarhlutir þeirra koma að mestu í gegnum hlut FL Group Holding Netherlands B.V. og FL GLB Holding B.V., dótturfélag FL Group. Þau átta hins vegar hverfandi hluti í Kaupþingi og Landsbanka.


Ólafur Ólafsson og viðskiptafélagar

Í lok ársins 2007 telst fjárfestirinn Ólafur Ólafsson og félag honum tengd til stórra áhættuskuldbindinga hjá Glitni, þegar lágmarkseignarhald er skilgreint sem 30%. Kaupþing lánar Ólafi og félagum sem hann á í einnig stórar fjár-


Mynd 39

Hlutfall heildarútlána Ólafs Ólafssonar og aðila tengdum honum, sem hlutfall af eiginfjárgrunni og sem fall af lágmarkseignarhlut


Félag tengd Ólafi Ólafssyni, áramótin 2007/2008




Félag tengd Ólafi Ólafssyni, lok september 2008



Félag tengd Ólafi Ólafssyni og tveimur viðskiptafélögum hans, áramótin 2007/2008



Félag tengd Ólafi Ólafssyni og tveimur viðskiptafélögum hans, lok september 2008



Viðskiptafélagarnir eru Hjörleifur Þór Jakobsson og Ásbjörn Gíslason.

— Glitnir — Kaupþing — Landsbanki

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

hæðir, en þó ekki svo háar að útlánin teljist til stórra áhættuskuldbindinga í lok árs 2007 (mynd 39). Heildarútlán Glitnis og Kaupþings til Ólafs og félaga í hans eigu jukust umtalsvert frá áramótum fram til septemberloka 2008 og teljast hann og félög tengd honum til stórra áhættuskuldbindinga hjá báðum bönkum jafnvel þó gerð sé krafa um 50% lágmarkseignarhald, eins og sjá má á sömu mynd.

Eins og framfar greinir koma þeir Ásbjörn Gíslason og Hjörleifur víða fyrir í fyrirtækjum tengdum Ólafi, ýmist sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar. Ef titið er á Ólaf, Ásbjörn og Hjörleif, sem tengda aðila, skapa þeir einnig stóra áhættu gagnvart Kaupþingi í lok árs 2007 (mynd 39) þegar (sameiginlegt) lágmarkseignarhald er 25% eða lægra. Ekki er mikill munur á útlánnum bankanna til hópanna út frá Ólafi og hópanna út frá Ólafi og skilgreindum viðskiptafélögunum hans tveimur, Hjörleifi Þór Jakobssyni og Ásbirni Gíslasyni.

Niðurstöður IV – Stærstu hópar með tilliti til útlána Hópar út frá fyrirtækjum

Eins og áður hefur verið fjallað um skiptir miklu máli þegar hópar eru myndaðir hvaða aðili er skilgreindur sem aðalaðili. Heildarútlán til hóps eru því háð aðalaðila. Því var skoðað hópar hvaða aðalaðila voru með hæstu útlán frá stóru bönkunum þremur. Þegar hóparnir eru skoðaðir út frá þessu sjónarhorni, þ.e. út frá 20% lágmarkseignarhaldi og aðeins horft til eignatengsla, sést að fjöldi fyrirtækja í hópunum með stærstu útlánin er mjög misjafn. Þó eru fjölskipuðustu hóparnir, sem tengdir eru Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. og Baugur Group, mjög skuldsettir og skipa efstu sætin í heildarútlán-

Tafla 17. Skuldsettustu hóparnir 31. desember 2007

Röð	Aðalaðili ¹	Ma. evra	Ma. kr.	Hlutfall af eiginfjár- grunni	Fjöldi
1	Baugur Group hf	5,58	508,69	51,8	182
2	Fjárfestingafélagið Gaumur ehf	5,37	489,77	49,9	158
3	FL GROUP hf	3,13	285,03	29,0	59
4	Styrkur Invest ehf	2,62	239,38	24,4	25
5	Tryggingamiðstöðin hf	2,61	238,24	24,3	15
6	TM fé ehf	2,60	237,52	24,2	6
7	Kynnisferðir ehf	2,55	232,78	23,7	12
8	Eik fasteignafélag hf	2,52	230,14	23,4	10
9	Eik properties ehf	2,52	230,14	23,4	10
10	Unity Investments ehf	2,43	222,05	22,6	6
11	F-Capital ehf	2,11	192,54	19,6	7
12	Milton ehf	2,10	191,20	19,5	7
13	Gaumur Holding S.A.	2,05	186,75	19,0	63
14	Sólin skín ehf	2,03	185,18	18,8	6
15	Mosaic Fashions Finance Limited	2,01	182,93	18,6	5
16	Landic Property hf	1,99	181,72	18,5	20
17	Arena Holding ehf	1,97	179,89	18,3	12
18	Þyrping hf	1,92	175,08	17,8	10
19	FS6 ehf	1,91	174,32	17,7	5
20	101 Skuggahverfi hf	1,91	174,25	17,7	6

1. Eignatengsl miðast við 20% lágmarks eignarhald.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

um enda deila Baugur og Gaumur fjölda fyrirtækja, eins og farið var yfir í niðurstöðum I. Hópa með 20 stærstu heildarútlánum í lok árs 2007 má sjá í töflu 17. Ef töflurnar yfir stærstu hópana og skuldsettustu hópana eru bornar saman sést að marga aðalaðila má einungis finna í tíu efstu sætunum á lista yfir stærstu hópana eða í tíu efstu sætunum á lista yfir skuldsettustu hópana. Því má fullyrða að heildarútlán fylgja ekki endilega fjölda fyrirtækja í hóp.

Eins og nánar var lýst í niðurstöðum II geta skyldir aðilar myndað mjög svipaða hópa, eins og sést best á því að tveir stærstu hóparnir með tilliti til útlána eru Baugur Group og Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. Því er mikilvægt þegar banki íhugar útlán til einhvers aðila að hann skoði útlánastöðu þess hóps sem aðilinn á heima í sem hefur hæstu útlánastöðu (og er því stærsta áhættan fyrir bankann).

Hópar út frá einstaklingum

Á sama hátt og þegar fyrirtæki er skilgreint sem aðalaðili má skilgreina einstakling sem aðalaðila og skoða hópa myndaða út frá eignarhaldi þeirra sem áhættuhóp. Eins og áður er miðað við að einstaklingur eigi að lágmarki 20% beint og óbeint í fyrirtækjum til að þau falli í hóp viðkomandi. Auk skulda fyrirtækja í hópnum eru skuldir einstaklinganna sjálfra. Skuldir einstaklinganna eru þó mjög litlar samanborið við samanlagðar skuldir fyrirtækjanna í hópnum og hafa skuldir einstaklinganna ekki áhrif á röð skuldugustu hópa út frá einstaklingum. Í töflum hér aftar er auk útlánastöðu hópanna út frá einstaklingunum skráður fjöldi fyrirtækja sem myndar hvern hóp. Eins og sjá má á töflum 18 og 19 er ekki mjög mikil fylgni milli fjölda aðila í hóp og heildarskuldsetningu.

Eins og sést á töflum mynda flestir stærstu hluthafar fyrirtækjanna sem voru til skoðunar hér framar áhættuhópa meðal tíu efstu. Jón Ásgeir Jóhannesson

Tafla 18. Stærstu skuldaþópar tengdir einstaklingum í lok árs 2007 út frá 20% lágmarks eignarhaldi

Röð	Nafn	M. evra	Ma. kr.	Fjöldi lögaðila í hóp
1	Jón Ásgeir Jóhannesson	2.209,4	201,5	75
2	Lýður Guðmundsson	1.333,6	121,6	27
3	Ágúst Guðmundsson	1.333,6	121,6	27
4	Robert Tchenguiz	1.202,6	109,7	11
5	Björgólfur Guðmundsson	1.074,5	98,0	52
6	Björgólfur T. Björgólfsson	846,2	77,2	47
7	Ólafur Ólafsson	845,0	77,1	49
8	Pálmi Haraldsson	792,7	72,3	20
9	Jóhannes Kristinsson	681,4	62,1	19
10	Magnús Kristinsson	495,6	45,2	38
11	Gervimaður útlönd (0101307789)	491,7	44,8	372
12	Karl Emil Wernersson	469,2	42,8	83
13	Gylfi Ómar Héðinsson	467,8	42,7	13
14	Gunnar Þorláksson	465,5	42,5	13
15	Steingrímur Wernersson	462,7	42,2	77
16	Lóa Skarphéðinsdóttir	461,7	42,1	34
17	Kristján V. Vilhelmsson	406,0	37,0	30
18	Þorsteinn Már Baldvinsson	399,3	36,4	32
19	Jón Kristjánsson	391,2	35,7	15
20	Gabríela Kristjánsdóttir	390,6	35,6	14

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Tafla 19. Stærstu skuldahópar tengdir einstaklingum, við fall bankanna, út frá 20% lágmarks eignarhaldi¹

Röð	Nafn	M. evra	Ma. kr.	Fjöldi lögaðila í hóp
1	Robert Tchenguiz	2.175,5	316,5	11
2	Jón Ásgeir Jóhannesson	1.560,2	227,0	71
3	Ólafur Ólafsson	1.318,2	191,8	47
4	Björgólfur Guðmundsson	1.007,2	146,5	41
5	Björgólfur T Björgólfsson	864,3	125,8	47
6	Gervimaður útlönd	681,5	99,2	395
7	Karl Emil Wernersson	619,3	90,1	82
8	Steingrímur Wernersson	611,6	89,0	75
9	Gylfi Ómar Héðinsson	463,5	67,4	13
10	Gunnar Þorláksson	462,2	67,2	13
11	Magnús Kristinsson	447,0	65,0	40
12	Pálmi Haraldsson	399,2	58,1	22
13	Lóa Skarphéðinsdóttir	392,3	57,1	31
14	Mendi Gertner	389,2	56,6	1
15	Moises Gertner	389,2	56,6	1
16	Jón Helgi Guðmundsson	385,8	56,1	29
17	Jákup á Dul Jacobsen	374,3	54,5	13
18	Jóhannes Jónsson	351,6	51,2	15
19	Ása K Ásgeirsdóttir	350,5	51,0	15
20	Benedikt Sveinsson	344,5	50,1	26

1. Eignatengsl miðast við eignir við lok árs 2008.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

myndar samkvæmt þessu stærsta skuldahópinum í lok árs 2007, með heildarútlán sem nema rúmum 201 milljarði króna eða 2,2 milljörðum evra, á gengi við lok árs 2007, en hann er stærsti einstaklingshluthafinn í Baugur Group. Á eftir honum eru bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir með jafn mikla heildarskuld, rúman 121 milljarð króna eða tæpa 1,3 milljarða evra (sjá töflu 17). Áhættuhópar út frá þeim eru enda þeir sömu við 20% lágmarkseignarhald því þeir bræður fjárfesta mikið í sameiningu en þeirra þekktustu fjárfestingar eru í Bakkavör og Exista sem tekið var sem dæmi hér framar. Fast á hæla þeim er efsti erlendi einstaklingurinn, Robert Tchenguiz, en fyrirtæki í hans hópi skulduðu samtals 110 milljarða króna eða 1,2 milljarða evra við lok árs 2007. Feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur T. Björgólfsson eru þeir síðustu á listanum til að mynda hópa sem skulda yfir milljarð evra, eða í kringum 100 milljarða króna en eins og kunnugt er stóðu þeir á bak við Samson, stærsta hluthafa Landsbankans. Þess má geta að Björgólfsfeðgar og félög tengd þeim skulduðu umtalsverðar fjárhæðir hjá dótturfélagi Landsbankans í Lúxemborg, sem ekki koma fram á þessu yfirliti, eða rúmar 320 milljónir evra við fall bankanna. Töflur með yfirliti yfir útlán dótturfélaga bankanna í Lúxemborg má finna í kafla 8.10 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Ofarlega á lista er einnig hópur aðila tengdum Ólafi Ólafssyni forsvarsmanni Kjalars og Kers. Bræðurnir Karl og Emil Wernerssynir eru í 10. og 11. sæti yfir skuldsettustu hópa tengdra aðila en hópar tengdir þeim, hvorum um sig, skulduðu rúmlega 460 milljónir evra í árslok 2007, sem gera tæpa 43,4 milljarða króna á gengi þess tíma, en bræðurnir eru kenndir við fjárfestingarfélagið Milestone.

Þess ber að geta að sum fyrirtæki falla í fleiri en einn hóp þar sem allir þeir einstaklingar sem hafa yfir að ráða eiginlegum eignarhlut sem nemur

20% eða meira fá þau í sinn hóp. Þar sem einstaklingar fjárfesta mikið í sam-
einingu verða hópar þeirra líkari og þar með heildarútlán til þeirra, samanber
tiltekna feðga og bræður.

Við fall hafði skuldastaða fyrirtækja tengdum þessum aðilum breyst mikið
sem og röð efstu manna. Eðlilegast er að bera saman heildarskuldbinding-
arnar í evrum þar sem stór hluti af útlánunum var í erlendri mynt og vegna
þess að gengi íslensku krónunnar hafði breyst mikið milli þessara tveggja
tímapakta. Nánari umfjöllun um samsetningu lána er í kafla 8.5. Samkvæmt
miðgengi Seðlabanka Íslands var evran í árslok 2007 skráð á 91,2 krónur en
30. september 2008 stóð evran í 145,49 krónum.

Sá einstaklingur sem myndaði skuldsettasta hópinn við fall var Robert
Tchenguiz sem áður hafði verið í 4. sæti, eins og sjá má í töflu 19.
Heildarskuldir féлага tengdum honum voru tæpir 2,2 milljarðar evra, sem
er aukning á skuldsetningu sem nemur rúmum 80% á níu mánaða tímabili.
Fyrirtæki tengd Jóni Ásgeiri mynda sem fyrr skuldsettasta hóp tengdan
íslenskum einstaklingi en heildarskuldir hópsins sem tengist honum höfðu
lækkað í evrum en hækkað sé miðað við íslenskar krónur. Skuldir féлага
tengdum Ólafi Ólafssyni jukust um rúman helming og var sá hópur sá þriðji
skuldsettasti. Á eftir Ólafi koma Björgólfsfeðgar, sem standa nokkurn veginn
í stað í evrum talið, og mynda hópar tengdir þeim þá síðustu sem skulduðu
yfir milljarð evra við fall.

Athyglisvert er að Gervimaður útlönd²⁷ myndar hóp sem skuldaði yfir
600 milljónir evra við fall eða rúman 101 milljarð króna, en Gervimaður
útlönd er skráður fyrir eignarhlutum í fyrirtækjum þegar eigandi er búsettur
erlendis og nánari deili ekki gefin upp á honum. Á bak við Gervimann útlönd
stendur því líklega hópur af einstaklingum og fyrirtækjum sem ekki hafa
íslenska kennitölu. Nánar er fjallað um Gervimann í útlöndum þegar fjallað
er um arðgreiðslur í niðurstöðum V.

Karl og Steingrímur Wernerssynir voru á meðal 10 efstu við fall en Ágúst
og Lýður Guðmundssynir féllu niður í 32. og 33. sæti. Það að skuldir féлага
tengdum bræðrunum Ágústi og Lýði minnki svo mikið milli tímapakta
skýrist af því að í millitíðinni höfðu bræðurnir fært eignarhald sitt í Exista frá
Bakkabraedur Holding B.V. til BBR ehf. Upplýsingar um eignarhald á BBR
ehf. voru ekki fáanlegar þegar rannsóknin fór fram því að félagið hafði ekki
skilað hlutafjármiðum. Bræðurnir eru hins vegar einu stjórnarmenn BBR ehf.
svo færa má rök fyrir því að félagið sé í þeirra eigu. Uppreiknaðar skuldir
þeirra við fall taka því ekki tillit til skulda Exista, en nánar er fjallað um útlán
til Exista og tengdra aðila í tímans rás í kafla 8.7. Á meðal stærstu skuldara
2008 eru bræðurnir Mendi og Moises Gertner en í gögnum rannsakenda
voru þeir aðeins skráðir fyrir einu fyrirtæki. Það er fyrirtækið Crosslet Vale
sem skuldaði Kaupþingi 390 milljónir evra í lok september 2008 en sú skuld
var til komin vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi. Frekari umfjöllun um
það má finna í 14. kafla skýrslunnar.

Lista yfir 100 skuldugustu hópana myndaða út frá einstaklingum með
lágmarkseignarhald 20% í fyrirtækjum er að finna í fylgiskjali 5.

27. Gervimaður útlöndum er samheiti yfir lögaðila skráða erlendis sem ekki hafa íslenska kennitölu
og eru eignir skráðar meðal annars á kennitöluna 0101306789 sem ber nafnið Gervimaður
útlönd í Þjóðskrá. Ekki er um einn aðila að ræða, heldur er Gervimaður útlöndum samheiti
yfir óþekkta erlenda lögaðila.

Stærstu skuldararnir

Hér framfar voru skoðuð heildarútlán til tengdra aðila þegar einstaklingur var skilgreindur sem aðalaðili. Hægt er að skoða útlánastöðuna út frá öðru sjónarhorni með því að margfalda saman eiginlegan eignarhlut hvers einstaklings í fyrirtæki og skuldir þessi fyrirtækis (sem dæmi, ef einstaklingur A á 50% í fyrirtæki X, og X skuldar 2 milljónir, væru skuldir „eignastöðu A“ tvær milljónir sinnum 50% eða ein milljón. Við köllum þetta eiginlega skuldastöðu (rétt er að minna á að á móti þessum skuldum eru mismiklar eignir eftir því hvaða fyrirtæki og einstaklingar eiga í hlut).

Töflur 20 og 21 hér aftar sýna jafnframt 20 efstu skuldara í lok árs 2007 og við fall bankanna. Um er að ræða heildarútlán bankanna til fyrirtækja margfölduð með eiginlegum eignarhlut hvers einstaklings auk skulda viðkomandi einstaklings við bankana í eigin nafni. Túlka má þessar tölur sem lista yfir þá sem skulduðu íslensku bönkunum mest í lok árs 2007 og við fall bankanna. Hér er ekki verið að mynda hópa út frá lágmarkseignarhaldi heldur eru útlánin lögð saman í hlutfalli við eignarhluti. Töflur með 100 skuldugustu aðilunum út frá vegnum skuldum m.v. eignarhald er að finna í fylgiskjali 6.

Stærsti skuldari á báðum tímamörkum er Robert Tchenguiz með 1,2 milljarða evra í lok árs 2007 og 2,1 milljarð evra við fall sem er nokkurn veginn það sama og hóparnir sem Tchenguiz myndaði út frá 20% lágmarks-eignarhaldi. Í lok árs 2007 er Jón Ásgeir í öðru sæti með tæpa 1,2 milljarða evra, næstum jafn mikið og Tchenguiz en við fall voru samanlagðar skuldir Jóns Ásgeirs undir milljarði evra og skipaði hann þá 3. sætið. Ólafur Ólafsson fer úr 3. sætinu 2007 með 670 milljarða evra í 2. sætið við fall með 1,1 milljarð evra sem er næstum tvöföldun milli ára.

Tafla 20. Tuttugu stærstu skuldarar¹ út frá samanlögðum útlánum íslenska hluta bankanna í lok árs 2007

Röð	Nafn	M. evra	Ma. kr.
1	Robert Tchenguiz	1.243,6	113,4
2	Jón Ásgeir Jóhannesson	1.117,9	102,0
3	Ólafur Ólafsson	670,2	61,1
4	Hannes Þór Smárason	568,4	51,8
5	Ása K Ásgeirsdóttir	557,1	50,8
6	Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir	556,3	50,7
7	Jóhannes Jónsson	554,1	50,5
8	Björgólfur Guðmundsson	518,9	47,3
9	Pálmi Haraldsson	437,7	39,9
10	Björgólfur T Björgólfsson	431,2	39,3
11	Lýður Guðmundsson	399,8	36,5
12	Ágúst Guðmundsson	399,8	36,5
13	Jóhannes Kristinsson	388,1	35,4
14	Magnús Kristinsson	344,8	31,4
15	Lóa Skarphéðinsdóttir	311,3	28,4
16	Gervimaður útlönd	310,4	28,3
17	Jákup á Dul Jacobsen	306,0	27,9
18	Jón Helgi Guðmundsson	284,9	26,0
19	Karl Emil Wernersson	254,2	23,2
20	Hreinn Loftsson	251,5	22,9

1. Skuldir eru vegnar út frá eiginlegum eignarhlut viðkomandi í fyrirtækjunum.

Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Einstaklingar sem tengjast Jóni Ásgeiri fjölskylduböndum færast ofar á listann sé miðað við vegnar skuldir félaga þeirra frekar en hóp myndaðan út frá 20% lágmarkseignarhaldi. Foreldrar Jóns Ásgeirs, Ása K. Ásgeirsdóttir og Jóhannes Jónsson, eru í 5. og 7. sæti við lok árs 2007 og í 6. og 7. sæti við fall. Eiginkona Jóns Ásgeirs, Ingibjörg S. Pálmadóttir, er í 6. sæti 2007 en 9. sæti 2008. Þar sem hér eru skuldir lagðar saman miðað við eignarhlut viðkomandi er hægt að leggja þær saman því eignarhlutirnir skarast ekki. Hjónin er hægt að tengja saman og skoða sem einn aðila. Ef heildarútlán til Jóns Ásgeirs og Ingibjargar eru lögð saman nema heildarskuldir þeirra meira en skuldir Robert Tchenguíz í lok árs 2007, eða rúmum 1,7 milljörðum evra, en við fall námu heildarskuldir þeirra hjóna tæpum 1,3 milljörðum evra, sem er meira en skuldir Ólafs Ólafssonar sem er í 2. sæti. Gervimaður útlönd, þ.e. óþekkt erlent eignarhald, stendur fyrir skuldir að upphæð rúmar 320 milljónir evra í lok árs 2007 og rúmar 290 milljónir evra við fall en það skipar þeim aðilum í 14. og 15. sæti.

Tafla 21. Tuttugu stærstu skuldarar¹ út frá samanlögðum útlánum íslenska hluta bankanna í lok september 2008

Röð	Nafn	M. evra	Ma. kr.
1	Robert Tchenguíz	2.104,9	306,2
2	Ólafur Ólafsson	1.128,2	164,1
3	Jón Ásgeir Jóhannesson	864,3	125,7
4	Björgólfur Guðmundsson	516,8	75,2
5	Björgólfur T Björgólfsson	481,7	70,1
6	Ása K Ásgeirsdóttir	430,6	62,6
7	Jóhannes Jónsson	429,7	62,5
8	Hannes Þór Smáráson	410,6	59,7
9	Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir	390,7	56,8
10	Jákup á Dul Jacobsen	349,8	50,9
11	Jón Helgi Guðmundsson	323,5	47,1
12	Karl Emil Wernersson	313,3	45,6
13	Egill Ágústsson	298,5	43,4
14	Steingrímur Wernersson	294,5	42,8
15	Gervimaður útlönd	288,5	42,0
16	Magnús Kristinsson	266,2	38,7
17	Alisher Burkanovich Usmanov	237,1	34,5
18	Pálmi Haraldsson	236,9	34,5
19	Lóa Skarphéðinsdóttir	218,3	31,8
20	Kevin Gerald Stanford	214,8	31,3

1. Skuldir eru vegnar út frá eiginlegum eignarhlut viðkomandi í fyrirtækjunum. Eignatengsl eru fengin út frá eign við lok árs 2008.


Heimild: Ríkisskattstjóri, Glitmir banki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Niðurstöður V – Arðgreiðslur á rannsóknartímabilinu

Bæði fyrir og eftir fall bankanna þriggja birtust fyrirferðarmiklar fréttir af arðgreiðslum fyrirtækja. Þess vegna eru skoðaðar sérstaklega arðgreiðslur íslenskra fyrirtækja á árunum 2003 til 2008, auk þess sem arðgreiðslurnar eru bornar saman við óefnislegar eignir viðkomandi fyrirtækja. Einnig eru skoðaðir stærstu einstöku arðgreiðendur og þiggjendur og að lokum hvernig

Mynd 40

Arðgreiðslur frá einstökum atvinnugreinum
Heildararðgreiðslur



Heimild: Ríkisskattstjóri.

arðgreiðslur þróuðust í einstökum geirum atvinnulífsins. Allar tölur eru á verðlagi hvers árs.


Heildararðgreiðslur

Heildararðgreiðslur eru skoðaðar út frá hlutfjármiðum sem borist hafa Ríkisskattstjóra á árunum 2003–2008. Heildararðgreiðslur í kerfinu vaxa hvert ár, eru rúmir 11 milljarðar 2003, tæpir 36 milljarðar 2004, tæpur 51 milljarður 2005, þær stökkva í 113 milljarða 2006 og 152 milljarða 2007 en falla undir 100 milljarða 2008.

Mynd 40 sýnir heildararðgreiðslur frá einstökum geirum atvinnulífsins og mynd 41 sýnir heildararðgreiðslur til einstakra geira. Arðgreiðslur frá fjármálafyrirtækjum taka stökk árið 2006 og haldast yfir 30 milljarða á árunum 2006–2008. Arðgreiðslur frá eignarhaldsfélögum vaxa mikið á þessum tímabili, eru tæpir 20 milljarðar árið 2006, tæpir 55 milljarðar 2007, en detta niður árið 2008. Þegar arðgreiðslur til einstakra geira eru skoðaðar má sjá að eignarhaldsfélög þiggja langmestan arð á öllu tímabilinu og arðgreiðslurnar ná hámarki árið 2007.

Mynd 41

Arðgreiðslur til einstakra atvinnugreina
Heildararðgreiðslur



Heimild: Ríkisskattstjóri.


Tafla 22. Tíu stærstu arðgreiðendur árunum 2003 til 2008

Ár	Arðgreiðandi	Arðgreiðsla (m. kr.)	Ár	Arðgreiðandi	Arðgreiðsla (m. kr.)
2003	Þormóður rammi-Sæberg hf.	650	2004	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	3.500
	Eimskipafélag Íslands hf.	450		Landssími Íslands hf.	2.111
	Flugleiðir hf.	364		Eignarhaldsfélagið GÁS ehf.	1.567
	Samherji hf.	332		Straumur Fjárfestingarbanki hf.	1.441
	Vátryggingafélag Íslands hf.	310		Oliúverslun Íslands hf.	1.273
	Vinnslustöðin hf.	284		Tryggingamiðstöðin hf.	1.000
	Síldarvinnslan hf.	272		Þormóður rammi-Sæberg hf.	650
	Haraldur Böðvarsson hf.	235		Baugur Group hf.	647
	Sölumiðstöð hraðfr.hús. hf.	224		Flugleiðir hf.	636
	Grandi hf.	206		Kaldbakur hf.	557
2005	Eignarhaldsfélagið AV ehf.	3.055	2006	Kaupþing banki hf.	24.812
	Íslandsbanki hf.	3.035		Straumur - Burðarás Fjárf.	6.733
	Straumur - Burðarás Fjárf.	1.883		FL GROUP hf.	6.341
	Líf hf.	1.240		Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	6.000
	Burðarás hf.	1.078		Glitnir banki hf.	5.317
	Exista ehf.	1.000		Exista hf.	5.000
	Íslenskir aðalverktakar hf.	990		Landsbanki Íslands hf, aðalstöðv	3.285
	Baugur Group hf.	950		Skeljungur hf.	2.200
	Tryggingamiðstöðin hf.	896		Sparisjóður Reykjavíkur og nágur	1.980
	Atorka Group hf.	823		Tryggingamiðstöðin hf.	1.809
2007	FL GROUP hf.	14.980	2008	Kaupþing banki hf.	14.809
	Exista hf.	10.838		BYR sparisjóður, höfðust, farstýr	12.558
	Kaupþing banki hf.	10.366		Straumur-Burðarás Fjárfest hf.	5.739
	Glitnir banki hf.	9.344		Glitnir banki hf.	5.332
	Straumur-Burðarás Fjárfest hf.	7.396		Sparisjóðurinn í Keflavík	2.801
	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	7.300		Atorka Group hf.	2.193
	BG Holding ehf.	6.215		Tryggingamiðstöðin hf.	2.098
	Norðurál Grundartangi ehf.	6.019		Vátryggingafélag Íslands hf.	1.800
	Fons hf.	4.400		Sparisjóður Reykjavíkur/nágr hf	1.605
	Landsbanki Íslands hf	4.347		Bakkavör Group hf.	1.180

Heimild: Ríkisskattstjóri.

Mynd 42

Fimm stærstu arðþiggjendur hvers árs



Heimild: Ríkisskattstjóri.

Stærstu einstöku arðgreiðendur

Í töflu 22 má sjá stærstu arðgreiðendur árunna 2003 til 2008. Athyglisvert er að bera saman árin 2003 og svo árin 2007 og 2008 sem endurspeglar það sem lesa má úr mynd 42. Árið 2003 eru sjö af tíu stærstu arðgreiðendum sjávarútvegsfyrirtæki, en þau síðan hverfa hratt af listanum yfir efstu tíu. Þau félög sem greiða hæstan arð 2008 eru flest fjármálafyrirtæki. Af félögunum sem greiddu út stærstan arð árin 2007 og 2008 eru mörg farin í þrot eða hafa gengið í gegnum nauðasamninga eða eru í nauðasamningum.

Stærstu einstöku arðþiggjendur

Tafla 23 sýnir stærstu arðþiggjendur árunna 2003 til 2008. Eins og áður segir fara arðgreiðslur vaxandi á þessu árabili. Árið 2003 eru tíu stærstu þiggjendur allir innlendir, árið 2004 er einn erlendur aðili í efstu tíu sætunum, næstur á eftir ríkissjóði Íslands, og árið 2005 er einn erlendur aðili (ásamt einum óþekktum aðila). Árið 2006 fjölga erlendum aðilum í efstu tíu sætunum

Tafla 23. Tíu stærstu arðþiggjendur árunna 2003 til 2008

Ár	Arðgreiðsla (m. kr.)	Þiggjandi	Ár	Arðgreiðsla (m. kr.)	Þiggjandi		
2003	299	Ráeyri ehf	2004	3.618	Glitnir banki hf		
	235	Brim ehf. (samruni)		2.086	Ríkissjóður Íslands		
	221	Burðarás ehf. (samruni)		1.567	Villers S.A.		
	201	Sjóvá-Almennar tryggingar hf		1.273	FAD 1830 ehf		
	172	Kaupþing banki hf		1.220	Stoðir hf		
	167	Búnaðarbanki Íslands hf. (samruni)		884	Ker ehf		
	141	Tryggingamiðstöðin hf		584	Landsbanki Íslands hf		
	135	Ker ehf		552	Atorka Group hf		
	126	Glitnir banki hf		535	AKSO ehf		
	118	Vátryggingafélag Íslands hf		527	Kaupþing banki hf		
	11.697	Heildar arðgreiðslur 2003		35.717	Heildar arðgreiðslur 2004		
2005	2.453	Eignarhaldsfélagið GÁS ehf	2006	6.800	Milestone ehf		
	1.240	Atorka ráðgjöf ehf		5.521	Exista B.V		
	1.192	Stoðir hf		2.956	Bakkabraedur Holding B.V.		
	990	Drög ehf		2.710	Landsbanki Íslands hf		
	962	Vátryggingafélag Íslands hf		2.705	Egla hf		
	763	Landsbanki Íslands hf		2.498	Hagar hf		
	691	Landsbanki Luxembourg S.A.		2.486	Arion safnreikningur		
	686	Kaupþing banki hf		1.774	Landsbanki Luxembourg S.A.		
	604	Óþekktur, kt: 9999999999		1.623	Kaupþing banki hf		
	602	Samos hf		1.449	Glitnir banki hf		
	50.763	Heildar arðgreiðslur 2005		113.538	Heildar arðgreiðslur 2006		
